FRÉTTABLAÐIÐ

136. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIÐVIKUDAGUR 14. JÚLÍ 2021

Í gær var síðasti dagurinn til að næla sér í bólusetningu við Covid-19 á opnum degi í Laugardalshöll fyrir sumarleyfi starfsmanna Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Boðið var upp á bóluefni Pfizer og voru þónokkrir sem nýttu sér tækifærið, margir í yngri kantinum eins og sést á myndinni. Í dag verður þó haldið áfram að bólusetja einstaklinga sem eru í sóttkví. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Hluthöfum fækkar um nær 4 þúsund

hordur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Hluthöfum Íslandsbanka hefur fækkað um liðlega 17 prósent á þremur vikum eftir að bankinn var skráður á hlutabréfamarkað.

Samkvæmt upplýsingum sem Markaðurinn fékk frá Íslandsbanka stóð heildarfjöldi hluthafa í gær í rétt rúmlega 20 þúsundum talsins, en eftir hlutafjárútboð bankans í liðnum mánuði var fjöldi hluthafa hins vegar nálægt 24 þúsundum. Hefur þeim því fækkað um tæplega fjögur þúsund.

Talsverður hópur hluthafa hefur því selt öll sín bréf í bankanum á fyrstu dögunum eftir að hann var skráður á markað, þann 22. júní síðastliðinn. Fastlega má gera ráð fyrir að þar hafi einkum verið um að ræða almenna fjárfesta. Hlutabréfaverð Íslandsbanka hækkaði um nærri 20 prósent á fyrsta degi viðskipta og hefur síðan haldið áfram að hækka enn frekar. ■

Taka þarf á ósjálfbærum skuldum í ferðaþjónustu

Ef ekki verður bætt úr skuldastöðu ferðaþjónustunnar mun greinin eiga erfitt með að ná sér á strik, að sögn Ásbergs Jónssonar forstjóra Nordic Visitor.

thorsteinn@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Vinna þarf að heildarlausn á skuldavanda ferðaþjónustunnar með aðkomu ríkis, banka og leigusala, svo að greinin geti náð fyrri styrk. Þetta segir Ásberg Jónsson, forstjóri og stofnandi Nordic Visitor, í viðtali við Markaðinn.

Í mörgum tilfellum rennur greiðslufrestur ferðaþjónustufyrirtækja hjá bönkum út í haust, en Ásberg telur líklegt að greiðslufrestur verði framlengdur til haustsins 2022.

„Það kemur að skuldadögum. Á einhverjum tímapunkti þurfa fyrirtækin að byrja að greiða af lánum og þá þarf að eiga sér stað leiðrétting á markaðinum. Skuldastaðan í greininni er ósjálfbær," segir Ásberg.

> Höggið má ekki alfarið lenda á ferðaþjónustunni.
>
> Ásberg Jónsson, forstjóri Nordic Visitor.

„Bankarnir hafa ekki hag af því að ganga að veðum sínum vegna þess að þá fá þeir holskeflu af fyrirtækjum í fangið. Þess vegna þarf að vinna að heildarlausn, með aðkomu banka, ríkisins, ferðaþjónustunnar og leigusala. Höggið má ekki alfarið lenda á ferðaþjónustunni," bætir hann við. Ef ekki verði bætt úr skuldastöðu ferðaþjónustunnar muni greinin eiga erfitt með að ná sér á strik.

Aðspurður, segist hann eiga von á því að samrunar innan ferðaþjónustu færist í aukana í vetur. „Frá því að kórónuveiran kom til landsins hafa atvinnurekendur í greininni einblínt á að komast í gegnum þetta ástand og forðast að selja fyrirtæki á brunaútsölu. Það er seigla í fólki í ferðaþjónustu," segir Ásberg.

Þá kemur einnig fram í viðtalinu að saman verði ferðaskrifstofurnar Nordic Visitor, Iceland Travel og Terra Nova þriðja stærsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins þegar kaup Nordic Visitor á Iceland Travel ganga í gegn. SJÁ MARKAÐINN

Ingó sendir kröfu á Eddu Falak

adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Áhrifavaldurinn Edda Falak er ein þeirra sem fá senda kröfu frá lögmanni Ingólfs Þórarinssonar vegna ummæla hennar á Twitter um meinta hegðun tónlistarmannsins.

Edda lýsti því yfir á Twitter fyrr í vor að þekktur tónlistarmaður hefði nauðgað sér og samkvæmt heimildunum eru þau ummæli meðal kæruefna á hendur henni.

RÚV greindi frá því í gær að Ingólfur hygðist kæra til lögreglu 32 nafnlausar sögur sem birtust um hann á Tiktok. Að auki yrði fjórum sendar bótakröfur fyrir ærumeiðingar á opinberum vettvangi.

Umfjöllun um Ingólf í kjölfar nafnlausra frásagna á Tiktok hafa valdið Ingólfi miklu tjóni að mati lögmanns hans, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar, sem ræddi málið við Rúv í gær. Hann hefði því ekki annan kost en að bregðast við. ■

GOTT Á GRILLIÐ Í NÆSTU ICELAND

Iceland er með 6 búðir á höfuðborgarsvæðinu, alltaf með góð tilboð í gangi og ríflegan opnunartíma.

BBQ grísarif

Úrbeinuð kjúklingalæri

Tilboð gilda 15. – 21. júlí

Grænn aspas

Iceland

Smitin ekki beint frá landamærum

odduraevar@frettabladid.is

COVID-19 Tveir greindust með COVID-19 smit innanlands í fyrradag, báðir bólusettir. Smitin má ekki rekja beint til landamæranna, annar einstaklingurinn var á Bankastræti Club um helgina og nokkrir tugir þurfa að fara í sóttkví.

„Við vitum að það er leki á landamærunum og veiran getur komið inn en það er þá spurning hvort við getum gert eitthvað frekar á landamærunum," segir Þórólfur Guðnason sóttvarnarlæknir.

Búið er að fullbólusetja 81,2 prósent þeirra sem eru 16 ára og eldri.

Það kemur í ljós á næstu dögum hvort víðtækar bólusetningar komi í veg fyrir frekari útbreiðslu. Um 1.800 manns eiga nú að vera í sóttkví. Síðdegis í gær handtók lögregla mann við Kringluna og færði í sóttvarnahús. Jóhann Karl Þórisson, aðstoðaryfirlögregluþjónn, segir slíkar handtökur nokkuð algengar.

Sjónarvottur veitti því athygli að lögreglumennirnir voru í sóttvarnarbúningum við handtökuna. Að sögn hans var maðurinn stilltur og veitti enga mótspyrnu.■

Ólympíufarar kvaddir á Bessastöðum

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Eliza Reid, forsetafrú, tóku á móti Ólympíuförum á Bessastöðum í gær til að óska þeim góðs gengis á leikunum í Tókýó í Japan. Ólympíuleikarnir hefjast eftir níu daga. Ásgeir Sigurgeirsson loftskammbyssukeppandi og Guðni Valur Guðnason kringlukastari hittu hjónin ásamt fulltrúum íþróttahreyfingarinnar. Með þeim fara svo Snæfríður Sól Jórunnardóttir og Anton Sveinn McKee, en þau keppa í sundi. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Pylsuskortur fyrir austan

thorvardur@frettabladid.is

AUSTURLAND Gríðarlegur fjöldi fólks dvelur nú fyrir austan, enda veðrið þar verið með allra besta móti stærstan hluta sumars, sól, blíða og hitatölur sem minna á meginland Evrópu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur þessi fjöldi sem ver fríinu á þessum slóðum gert það að verkum að borið hefur á skorti á Egilsstöðum á nokkrum vörum sem flokkast gætu sem nauðsynjavörur fyrir ferðalagið.

Meðal þess varnings sem erfitt hefur reynst að verða sér úti um eru pylsur frá SS, pylsubrauð, ýmist meðlæti sem fylgir pylsum, hamborgarar og beikon. Þá er veðurblíðan búin að vera svo mikil fyrir austan að farið er að gæta skorts á sólarvörn og regnhlífum – sem nýttar eru sem sólhlífar.

Tómlegt var í hillum á Egilsstöðum í gær. **MYND/JÓN BJARNI BJARNASON**

Samkvæmt kaupmönnum á Egilsstöðum sem Fréttablaðið ræddi við hefur gætt vöruskorts í ákveðnum völuflokkum. Til að mynda hefðu SS pylsur selst upp en nóg væri þó til af pylsum af öðrum gerðum. ■

Sjötugur lögmaður hjólar hringinn í kringum landið

Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður, hjólar nú hringinn í kringum landið sjötugur að aldri. Síðast fór hann í slíka ferð fyrir tíu árum síðan.

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Ég er búinn að hjóla um 700 kílómetra núna," segir Sigurður Guðni Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður, sem staddur var á Egilsstöðum í gær þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Þangað hafði hann hjólað alla leið frá Reykjavík og hyggst hjóla hringinn í kringum Ísland.

Sigurður er ekki að hjóla hringinn í kringum landið í fyrsta sinn. „Ég gerði þetta síðast fyrir tíu árum þegar ég var sextugur og nú er ég að verða sjötugur þannig að ég ákvað að prófa hvort ég gæti þetta aftur," segir hann.

„Ég lagði af stað á miðvikudaginn fyrir viku og ætla að reyna að vera kominn aftur til Reykjavíkur á föstudaginn," segir Sigurður. Síðast þegar hann hjólaði hringinn fór Sigurður rangsælis í kringum landið svo nú ákvað hann að fara norðurleiðina.

Hann hjólar um 115-180 kílómetra á dag og á um það bil 20 kílómetra hraða. Með Sigurði í för eru kona hans, dóttir og dóttursonur sem keyra svipaða leið og hann hjólar, kvöldin nýta þau svo í að njóta þess sem landið hefur upp á að bjóða.

„Ég hjóla í svona einn og hálfan til tvo tíma í einu og stoppa svo til að borða," segir Sigurður og bætir við að hann borði mest af hnetum og rúsínum. „Og einhverju svona orkuríku. Svo drekk ég óendanlega af orkudrykkjum."

Sigurður hefur stoppað á Blönduósi, Akureyri og Mývatni á leið sinni og var á Egilsstöðum í gær. Næsta stopp var Djúpivogur, þangað stefndi Sigurður á að hjóla leiðina um Öxi og niður í Berufjörð. „Ég er með tvö hjól með mér, núna þegar ég fer yfir Öxi sem er ómalbikuð þá er ég á grófum dekkjum annars er ég á götuhjóli," segir Sigurður.

Sigurður hjólaði leiðina um Öxi í gær á leiðinni á Djúpavog. **MYND/AÐSEND**

Ég hjóla í svona einn og hálfan til tvo tíma í einu og stoppa svo til að borða.

Sigurður G. Guðjónsson.

Aðspurður segist Sigurður stoltur af hjólaferðinni sem þó hafi ekki verið auðveld allan tíman. „Það er búið að vera truflað veður, sól og blíða. Það munar rosalega miklu. Maður getur horft lengi og vel á náttúruna og alla fegurðina," segir hann og nefnir dæmi um fegurð Dyrfjalla og Herðubreiðar.

„Það var samt ansi erfitt í gær [fyrradag] vegna þess að það var svo mikill vindur á móti mér frá Mývatni á Egilsstaði, bara af því það hefur verið svo mikil sól og hiti þá verður svo mikil hafgola, hún var helvíti hvöss við Jökuldalinn," segir Sigurður.

„En þetta verður bara betra og betra með aldrinum," bætir hann við að lokum. ■

VILTU VINNA

MILLJÓN?

Kauptu tvo poka af Nóa Kroppi, taktu mynd af kvittuninni og sendu okkur á *leikur@noi.is* eða á facebook síðuna okkar. Þú gætir unnið milljón í reiðufé!

Nóa kropp, bragðast eins og milljón!

NÓI SÍRÍUS

Enn bið í sumarið í Reykjavík þrátt fyrir blíðu víða um land

urduryrr@frettabladid.is

Reykvíkingar gætu þurft að bíða í einhvern tíma eftir sumrinu á meðan blíðviðrið heldur áfram á Norðausturlandi. Í kortunum eru þungir vindar á Suður- og Norðvesturlandi, ský og rigning á suðvesturhorninu og bongóblíða fyrir norðaustan.

Daníel Þorláksson veðurfræðingur hjá Veðurstofunni segir það gerast öðru hverju að veðurkerfi læsist og haldist óbreytt í jafnvel fimm vikur en það virðist vera að gerast núna. Um tvær vikur séu liðnar frá því snerist í sunnanátt og hitti það heppilega á fyrir sólþyrst fólk á norðausturhorninu.

Þá væri hægt að leiða líkur að því að þetta veður muni halda áfram í einhvern tíma í viðbót með rjómablíðu á norðausturlandinu á meðan blæs og rignir í öðrum landshlutum.

Ingibjörg Jóhannesdóttir veðurfræðingur segir veðráttuna í sumar vera sérstaka. „Það er ekki venjulegt að við fáum sunnanátt í svona langan tíma. Það er þessi hæð yfir Skandinavíu sem virðist bara liggja þarna," segir hún.

Ekkert lát hefur verið á góðviðrinu á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Daníel tekur í sama streng en bendir á að þetta hafi þó gerst áður. „Eins og þegar við fengum sumarið sem við tölum ekki um á suðvesturhorninu þar sem var skýjað í allan júní," segir hann.

Ingibjörg bendir á að vindur geti verið leiðinlegur á Norðvesturlandinu á morgun með hviðum á norðanverðu Snæfellsnesi.

Spáð er miklum vindi á Suðausturlandi í kvöld, undir Öræfajökli. Þar geti vindur farið í 39 metra á sekúndu í hviðum og því varasamt að ferðast þar yfir, sérstaklega fyrir bíla með vagna. ■

Mikill hávaði myndast þegar boltinn lendir á grindverkinu.

Boltaleikur ærir íbúa á Ísafirði

kristinnpall@frettabladid.is

ÍSAFJÖRÐUR Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðar kannar nú hvort setja þurfi upp nýja girðingu við skólalóð grunnskólans. Í beiðni íbúa segir að mikill hávaði myndist þegar boltar hafni í grindverkinu. Því sé óskað eftir öðru og betra efni í grindverkið en þó ekki timburvegg sem muni skyggja á útsýni og birtuskilyrði. ■

Gert að taka niður myndavél

arib@frettabladid.is

PERSÓNUVERND Eigendur eftirlitsmyndavélar í sameign fjölbýlishúss eiga yfir höfði sér dagsektir ef þeir taka hana ekki niður.

Samkvæmt úrskurði Persónuverndar var ástæðan fyrir myndavélinni hundur nágrannans, sem gerði þarfir sínar á lóðinni. Upptökur af hundinum hafa verið sendar lögmanni nágrannans.

Persónuvernd taldi þarfir hundsins ekki krefjast vöktunar og að myndavélin samrýmdist ekki lögum. ■

Sami hópur og að baki Vodafone-leka

Instagram-reikningar hjá fjölmörgum áhrifavöldum hafa verið hakkaðir af sama hópi og stóð að baki Vodafone-lekanum árið 2013. Tæknistjóri hjá Syndis telur líklegt að hópurinn sé að leita sér að athygli.

mhj@frettabladid.is

UPPLÝSINGAMÁL Tölvuþrjótar hafa brotist inn á Instagram-reikninga hjá fjölmörgum áhrifavöldum síðastliðna sólarhringa. Theodór Ragnar Gíslason, tæknistjóri netöryggisfyrirtækisins Syndis, segir að þar standi að baki tyrkneskur hópur, sá sami og stóð að Vodefone-lekanum árið 2013.

Hópurinn gortaði sig á Instagram í gær að hafa lokað á Instagram reikninga hjá Birgittu Líf Björnsdóttur eiganda Bankastræti Club og Kristínu Pétursdóttur leikkonu.

„Þeir voru að tengja sig Vodefone-lekann árið 2013 á Instagram. Þeir vilja meina að þeir séu tengdir því og þetta eru klárlega Tyrkir," segir Theodór.

Rannsókn lögreglu á netárás á vef Vodefone í nóvember 2013 skilaði litlum árangri, en það tókst að rekja árásina til Tyrklands.

Upplýsingarnar á Instagram reikning hópsins hefur síðan verið breytt. Þegar þetta er skrifað stendur þar núna „Í stað þess að kenna okkur um, líttu til þeirra sem standa þér næst en borgaðu okkur pening fyrir þetta."

Þar er einnig að finna færslu þar sem þeir stefna að því að taka niður 10 Instagram reikninga á einu sólarhring.

„Miðað við það sem ég hef heyrt, og eitthvað af þessu fólki hefur haft samband við starfsfólk hjá mér, þá segist fólk hafa verið sitt netöryggi í lagi. Tveggja þátta auðkenni og svona," segir Theódór.

Birgitta Líf Björnsdóttir, eigandi Bankastræti Club, komst ekki inn á Instagram eftir að hópur tölvuþrjóta réðst á reikning hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Fyrstu viðbrögð hjá mér voru að þetta væri einskonar „disable-árás." Markmiðið er ekki að brjótast inn heldur að tilkynna reikninginn nægilega oft þannig að Instagram eða Facebook lokar honum."

Theódór telur líklegt að hópurinn sé að leita af athygli.

Hann vildi ekki útiloka að um tölvuárás væri að ræða þó það lítur út fyrir að markmiðið hafi bara bara verið að loka reikningunum tímabundið.

„Lykilorð fólks eru yfirleitt þekkt. Allavega gömul lykilorð hjá fólki og jafnvel mynstur til að keyra árásir. Það gæti hafa gerst en af hverju þessar tilteknu konur? Er það ekki bara því þær eru margar fylgjendur og myndarlegar," segir Theódór.

„Yfirleitt er markmið svona hakkarahópa eða einstaklinga sem tilheyra svona hópum að fá athygli. Að gera eitthvað sem gerir það að verkum að þeir verða áhrifavaldar innan hakkarahópsins," segir Theodór.

Í heimi hakkara kallast þeir sem framkvæma svona árásir „Script-kiddies" þar sem þeir nota forrit eða fyrir fram tilbúna kóða til að ná fram markmiðum sínum vegna þess að þeir eru ekki hæfir til að skrifa sinn eigin kóða.

> Lykilorð fólks eru yfirleitt þekkt. Allavega gömul lykilorð hjá fólki og jafnvel mynstur til að keyra árásir.

Theodór Ragnar Gíslason, tæknistjóri Syndis.

Theodór telur þetta líklegustu aðferðina miðað við þær upplýsingar sem hafa komið fram.

„Það eru allskonar þjónustur á svartnetinu sem hægt er að kaupa. Þar er meðal annars hægt að kaupa sér læk við færslur, sem er þekkt fyrirbæri," segir Theódór og bætir við að líklegt er hægt að fá botta til að tilkynna reikninga nægilega oft.

„Það er líka hægt að beita bellibrögðum með vefveiði þar sem þú platar manneskjuna til að samþykkja tvíþættu auðkenninguna og eða gefa upp lykilorðið sitt. Það er árás sem er beitt og gæti vel verið það eigi við hér," segir Theódór. ■

„Ég kem með taktinn"

Ný Ferðagjöf gildir út september

Sæktu þína gjöf á Ísland.is og komdu með í ferðalag um landið okkar í sumar!

Rýming
Troðfull verslun af merkjavöru
frá eftirtöldum verslunum
herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN / SMÁRALIND
568 9234 544 2410
BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242
Mathilda
Kringlunni 552 8600
HANZ
KRINGLUNNI
567 0120
COLLECTIONS
Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg
ENGLABÖRNIN
falleg föt á stelpur og stráka...
Herra lagerinn
outlet
70%
afsláttur af öllum vörum
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

Skortur á þernum og barþjónum hægir á opnun hótela

mhj@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Kristófer Oliversson, formaður FHG – Fyrirtækja í hótel- og gistiþjónustu og framkvæmdastjóri CenterHotels, segir að mannekla sé helsta ástæðan fyrir því að hægar gengur að opna hótelin í höfuðborginni að nýju. Bókanir erlendra ferðamanna séu hins vegar framar vonum.

„Við erum í talsverðum vandræðum vegna manneklu en við erum búin að opna fimm hótel og erum að opna það sjötta í vikunni, á fimmtudaginn," segir Kristófer.

„Við erum með alla mögulega og ómögulega anga úti að reyna að ná okkur í starfsfólk," bætir hann við.

CenterHotels starfrækir átta hótel í Reykjavík en hótelkeðjan lokaði öllum hótelum sínum nema einu í faraldrinum.

„Okkur vantar þernur, gestamóttökustarfsfólk, barþjóna og í eldhús," segir Kristófer.

Kristófer Oliversson, formaður Fyrirtækja í hótel- og gistiþjónustu.

Bókanir erlendra ferðamanna ganga ljómandi vel þessa dagana og segir Kristófer að það væri hægt að opna hótelin hraðar ef betur gengi að ráða í störfin.

„Þetta er mikið álag á það fólk sem fyrir er."

Kristófer segir hótelkeðjuna hafa rætt við fyrrverandi starfsmenn strax og það fór að rofa til eftir Covid og er nú með öll net úti að reyna fá til sín fólk.

„Einnig ráðum við mikið í gegnum Vinnumálastofnun og svo hefur hver sínar aðferðir til þess að reyna að finna fólk, hér og erlendis," segir Kristófer.

„Við þurfum samt líka að vera sanngjörn í því að þetta er svo mikið af fólki sem við erum að ráða á mjög skömmum tíma til að manna heila atvinnugrein upp á nýtt. Þetta er ekki bara það að fá fólk til að vilja vinna. Það þarf mikla þjálfun til að vinna á nútíma hóteli sem tekur sinn tíma." ■

Macron Frakklandsforseti hefur fundað með forstjóra Google.

Google sektað vegna fréttaefnis

thorvardur@frettabladid.is

SAMKEPPNISMÁL Franska samkeppniseftirlitið hefur sektað bandaríska tæknirisann Google um 593 milljónir dala, tæpa 74 milljarða króna, fyrir að fylgja ekki fyrirmælum stjórnvalda um viðræður við fréttamiðla og áætlanagerð um hvernig greiða skuli fyrir efni sem þeir framleiða.

Samkeppniseftirlitið hefur auk þess fyrirskipað Google að skila slíkri áætlun innan tveggja mánaða, ellegar verða sektað um eina milljón dala, rúmlega 124 milljónir króna, á dag.

Þrýstingur hefur aukist víða um heim á tæknifyrirtækin að greiða fyrir efni. Nýleg, áströlsk lög skylda fyrirtækin til að borga fyrir fréttaefni og Google og bandarískri fjölmiðlarisinn News Corp. hafa gert með sér samning um greiðslur frá Google fyrir fréttaefni. ■

Hermenn voru kallaðir út vegna óeirða í verslun í Soweto í gær.

Tugir látnir eftir miklar óeirðir

arib@frettabladid.is

SUÐUR-AFRÍKA Tugir liggja í valnum eftir óeirðir í Suður-Afríku í gær. Ástandið í landinu er viðkvæmt eftir að Jacob Zuma, fyrrverandi forseti landsins, hóf afplánun á 15 mánaða dómi fyrir óvirðingu eftir að hann mætti ekki í skýrslutöku vegna rannsóknar á spillingu í embættistíð sinni.

Spennan í landinu er sú mesta í landinu frá lokum aðskilnaðarstefnunnar fyrir 27 árum.

Dómurinn yfir Zuma hefur vakið upp mikil mótmæli sem hafa leitt af sér óeirðir sem beinast gegn misskiptingu á milli þjóðfélagshópa. Cyril Ramaphosa, forseti landsins, gaf það út í gær að herinn myndi aðstoða lögreglu við að koma á friði í landinu á ný. ■

Njóta sólarinnar þótt aftur hafi verið hert á sóttvarnarreglunum á Tenerife

Íslenskir ferðalangar á Tenerife una sér vel þótt hert hafi verið á sóttvarnarreglum. Forstjóri Úrvals-Útsýnar segist vonast til þess að Spánverjar ná að stöðva nýja smitbylgju með því að loka fyrir skemmtanalífið að næturlagi líkt og áður hafi gefið góða raun.

gar@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA „Þetta er eins og í draumi, geggjað veður hérna og við erum á stóru og góðu hóteli," segir Magnús Sigurðsson, sem nú dvelur með fjölskyldunni á Tenerife. Þar, eins og á fleiri stöðum á Spáni, hefur aftur verið hert á sóttvarnarreglum vegna fjölgunar COVID-19 smita.

Magnús og fjölskylda pöntuðu hótelið sjálf á netinu og flugu til Tenerife með áætlunarflugi Play. Hann segir aðeins um helming hótelsins nú nýttan og því sé rúmt um mannskapinn. Allar máltíðir séu innifaldar.

Stemningin er afar góð að sögn Magnúsar þrátt fyrir hertar aðgerðir, enda sé hugsað afar vel um sóttvarnir. „Þú ferð ekkert í morgunverð án þess að það sé starfsmaður sem sótthreinsar á þér hendurnar áður þú gengur og tekur þér disk. Þú réttir fram hendurnar og hann sprittar. Það eru allir starfsmenn með grímu," segir hann.

Þá segir Magnús grímuskyldu fyrir alla yngri en sex ára á sameiginlegum svæðum eins og til dæmis veitingastöðum og göngum hótelsins. „Þegar þú liggur eða ert í sundlauginni þarf ekki að vera með grímu og eiginlega ekki úti því útisvæðið er það stórt," segir hann.

Takmarkanir eru í gildi á veitingastöðum og sumar verslanir eru lokaðar. Verslunarmiðstöðvar eru opnar og sama gildir um dýragarða og skemmtigarða.

Emilía Björt Magnúsdóttir, Magnús Sigurðsson, Kristófer Örn Magnússon og Jóhanna Dögg Olgeirsdóttir eru ánægð á Tenerife. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR ÞÓR SIGURÐSSON

> Það er reynt að sporna við þessu með því hafa lokað frá miðnætti til morguns á veitinga- og skemmtistöðum. Það er það sama og var gert síðast og þá fór þetta niður.

Þórunn Reynisdóttir, forstjóri Úrvals-Útsýnar

Aðspurður segir Einar aðstæður á Tenerife ekki hafa komið á óvart. „Við vorum búin að kynna okkur þetta vel áður en við fórum út og mér finnst við vera mjög örugg hér. Það er fínt að vera ekki inni í einhverju kraðaki þar sem er mikið um smit."

Þórunn Reynisdóttir, forstjóri Úrvals-Útsýnar, segist ekki hafa orðið vör það að fólk sé orðið smeykt við utanlandsferðir þótt bakslag hafi komið víða í baráttunni við kórónaveiruna, meðal annars á Spáni, þangað sem flestir viðskiptavinir ferðaskrifstofunnar stefni núna.

„Eins og staðan er núna þarf bara að fara varlega," segir Þórunn. „Þetta var svona í vor líka þannig að þetta er í sjálfu sér ekki mikil breyting. Það er komið í hærra áhættustig en það er reynt að sporna við þessu með því hafa lokað frá miðnætti til morguns á veitinga- og skemmtistöðum. Það er það sama og var gert síðast og þá fór þetta niður. Það er vonandi að það gerist aftur."

Þórunn segir skiljanlegt að hnökrar hafi verið á Keflavíkurflugvelli, eins og um síðustu helgi þegar margmenni var í flugstöðinni. Farþegar þurfi að mæta vel tímanlega og hafa öll skjöl í lagi. Fólk þurfi að hafa með sér bólusetningarskírteini eða mótefnavottorð til að þurfa ekki að framvísa PCR-skimunarprófi.

„Þeir sem hafa ekki fyllt út pappíra og eru ekki tilbúnir, tefja fyrir innritun," segir Þórunn og á þá við skjöl sem þurfa að vera fyllt út fyrir yfirvöld á Spáni – líkt og gera þurfi þegar flogið sé til baka til Íslands. „Mér finnst fólk búið að kynna sér hlutina vel og vera meðvitað um aðstæður á áfangastað. Yfirhöfuð gengur þetta mjög vel." ■

Hungursneyð aukist verulega í heimsfaraldrinum

kristinnpall@frettabladid.is

ALÞJÓÐAMÁL Hungursneyð á heimsvísu hefur aukist verulega í COVID-19 heimsfaraldrinum og mældist aukningin á síðasta ári sú sama og á árunum fimm þar áður. Samkvæmt nýrri skýrslu matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna er veruleg hætta á því að markmiðið um að útrýma hungursneyð á heimsvísu fyrir árið 2030 náist ekki. Heilt yfir hafi á bilinu 720 til 811 milljónir á heimsvísu glímt við hungursneyð á síðasta ári, en til samanburðar glímdu 650 milljónir við hungursneyð á heimsvísu árið 2019.

Skýrslan sem er unnin í samstarfi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, WHO, sýnir fram á það að af þeim 720 til 811 milljónum sem glímdu við hungursneyð á síðasta ári, komu flestir frá Asíu eða 418 milljónir og kom Afríka næst með 282 milljónir.

Fæðuástandið í Jemen er sérstaklega slæmt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Tæplega 2,4 milljarðar manna höfðu ekki aðgengi að næringarríkum mat í fyrra.

Hlutfallslega glíma flestir við fæðuskort í Afríku þar sem 21 prósent glíma við skort, en í Asíu eru það níu prósent, örlítið lægra en í Mið- og Suður-Ameríku þar sem 9,1 prósent glíma við hungursneyð.

Um leið kemur fram að tæplega 2,4 milljarðar manna á heimsvísu hafi ekki öruggt aðgengi að nægilega næringarríkum mat á síðasta ári, sem er aukning um 320 milljónir milli ára eða um fimmtán prósenta aukning. Þar telur meðal annars inn í að 370 milljónir barna hafi ekki haft aðgang að skólamáltíðum þar sem skólastarf hefur víða legið niðri í heimsfaraldrinum.

Þá er þess getið í skýrslunni að áhrif hnatthlýnunar sé aðeins til að auka áhrif hungursneyðar í fátækari löndum heimsins, þrátt fyrir að þau séu ekki með sömu mengun og stærri og ríkari þjóðir. ■

WIZAR

20% AFSLÁTTUR

Verð frá
167.920 kr.
Verð áður 209.900 kr.
Gildir aðeins meðan birgðir endast.

Wizar hægindastóllinn sem Íslendingar elska.
Wizar fyrir lífsins ljúfu stundir.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Strandveiðar

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Sum fyrirbæri eru þannig að þótt öllu hugsandi fólki hljóti að vera ljóst að um fullkomna vitleysu sé að ræða, dettur fáum í hug að færa þann sannleika í orð. Eitt þessara fyrirbæra eru strandveiðar. Þær eru rómantískar og upphefja karlmennskuna í nútíma sem hefur gert óþarfan hinn raunverulega, öldustígandi, íslenska sjómann.

Eða hvor er meiri holdgervingur karlmennskunnar: skeggjaði trillukarlinn eða hipsterinn sem stýrir hvalaskoðunarbátnum? Hið sanna er að viðskiptavinur hipsterans er margfalt verðmætari fyrir íslenskt samfélag. Ekki aðeins í krónum talið, því á meðan viðskiptavinur hipstersins yfirgefur landið uppnuminn af því sem landið okkar hefur upp á að bjóða – sem hvergi er fegurra en undan ströndum landsins – fær viðskiptavinur trillukarlsins ormétinn þorsktitt og skilur ekkert í upphafningunni á íslenskum sjávarafurðum.

Strandveiðar komust í tísku meðal íslenskra stjórnmálaflokka þegar fólkið í landinu fór að krefjast upptstokkunar á kvótakerfinu. Sumir flokkar virðast halda í þá von að kjósendur trúi að strandveiðiflotinn geti tekið yfir allar fiskveiðar við landið og það sé beinlínis ákjósanlegt vegna þess hve vondar stórútgerðirnar eru. Aðrir halda því enn fram að strandveiðar séu lífæð hinna dreifðu strandbyggða, þrátt fyrir að veita örfáum atvinnu yfir blásumarið.

Sannleikurinn um strandveiðar hefur hins vegar verið flestum kunnur lengi. Fyrir áratug lýstu nokkrir hagfræðingar strandveiðum sem ólympskum veiðum sem leiddu til kapphlaups um afla sem hækki söknarkostnað, lækki verðmæti afla og hvetji til brottkasts.

Síðan þessi greining birtist árið 2011 hefur lítið farið fyrir vönduðum rannsóknum á strandveiðum, hver raunverulegur ávinningur þeirra sé fyrir atvinnulíf á þeim landsvæðum þar sem þær eru stundaðar, á gæðum og verðmætum aflans og hvort strandveiðar séu í raun jafn umhverfisvænar og margir halda fram.

Með uppgangi ferðaþjónustunnar hafa hinar dreifðu byggðir fengið vettvang sem þéttbýlið keppir ekki við. Austurvöllur selur ekki kaffi við heimskautsbaug og enginn stenst staðkunnugum snúning við að fylgja ferðamönnum um náttúruperlur í sinni heimabyggð. Fyrir framtíðina er svo miklu meira vit í að byggja öflugri innviði fyrir ferðaþjónustu um allt land en að viðhalda trúarbrögðum um úreltan atvinnurekstur sem enginn trúir á í raun og veru.

Önnur bylting styður einnig þessa ályktun. Sú kynslóð sem nýtir kosningarétt sinn í fyrsta skipti næsta haust hefur mun sterkari ábyrgðartilfinningu gagnvart umhverfinu en eldri kynslóðir. Hún er margfalt líklegri til að taka afstöðu með umhverfinu í öllum neysluháttum. Æ fleiri munu gerast vegan á næstu árum og neytendum fisks og kjöts mun halda áfram að fækka.

Þessi þróun mun augljóslega hafa áhrif á landbúnað og sjávarútveg og þar með atvinnuvegi á landsbyggðinni og byggðaþróun í landinu. Stjórnmálaflokkar verða að horfast í augu við þetta við útfærslu stefnumála sinna fyrir komandi kosningar.

Sóknarfæri landsbyggðarinnar liggja í fegurðinni og sérstöðunni sem gestir okkar sækja í. Þar á landsbyggðin framtíðina, enda óumdeilt að flestir staðir landsins eru fegurri en Reykjavík. ■

> Strandveiðar upphefja karlmennskuna í nútíma sem hefur gert óþarfan hinn öldustígandi, íslenska sjómann.

Halldór

Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

X-faktorinn

Gunnar Smári Egilsson efndi til „samkvæmisleiks“ í Facebook-hópi flokksins með spurningu um hvaða flokka fólk vilji sjá í næstu ríkisstjórn? Af níu svarmöguleikum þarf varla að koma á óvart að Sósíalistar hafi fengið flesta smelli, 323. Píratar virðast höfða ágætlega til þeirra sem venja komur sínar í hópinn og fengu 237 stig. Eðli málsins samkvæmt ráku Miðflokkur og Sjálfstæðisflokkur lestina og náðu hvorugur tíu stigum. Stærsti x-faktorinn í óvísindalegri rannsókninni er síðan Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn hans Guðmundar Franklíns sem var skilinn útundan.

Lánan er laus

Gunnar Smári hjó þarna í sama knérunn og Gallup, MMR og Maskína, sem Guðmundur hefur þegar æðrast yfir að hafi „ekki fyrir því að bæta einni línu við lista stjórnmálaflokkanna“ og gefa Frjálslynda lýðræðisflokkinn upp sem valkost. Guðmundur segir þetta dæmigert fyrir vinnubrögð þeirra sem vilja hafa stjórn á skoðunum fólks og vísar í „okkar innri kannanir“ sem mæli flokk hans í 7% og virðist alveg óbrenndur af vefkönnunum Útvarps Sögu þar sem hann komst meðal annars upp í 75,2% daginn fyrir forsetakjördag 2020. ■

Jöfn tækifæri

Bjarni Benediktsson

fjármála- og efnahagsráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins

Það ríki er vandfundið þar sem jöfnuður er meiri en á Íslandi. Þetta kemur skýrt fram í alþjóðlegum mælingum, þar sem lágtekjuhlutfall hefur mælst hvað lægst hér af evrópskum samanburðarríkjum og jöfnuður einna mestur.

Ekki er nóg með að jöfnuður sé meiri hér en í samanburðarríkjum, heldur sýna álagningarskrár að bilið milli þeirra sem eiga mest og minnst verður sífellt minna. Í svari við nýlegri fyrirspurn frá formanni Samfylkingarinnar kemur fram að hlutfall eigna efnuðustu prósenta landsmanna af heildarkökunni fer minnkandi. Þessi þróun hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár, en nú hefur hlutur þeirra ríkustu ekki verið lægri frá því í kringum síðustu aldamót.

Með þessu er ekki sagt að „réttu hlutfalli“ sé náð eða ekki þurfi að vinna áfram að bættum kjörum þeirra sem minnst hafa. Allténd er þó orðræða þeirra sem stöðugt tala um sériślenska misskiptingu og óréttlæti nokkuð sérkennileg þegar staðreyndir málsins eru skoðaðar.

Það hefur verið keppikefli okkar Íslendinga um árabil að byggja hér samfélag þar sem allir geta freistað gæfunnar og náð árangri á eigin forsendum, en halda á sama tíma úti þéttu velferðarneti sem grípur þá sem þurfa. Við viljum virkja kraftinn í einstaklingnum og skapa jarðveg þar sem fólk með góðar hugmyndir og framtakssemi að vopni getur blómstrað. Markmiðið er að stækka sífellt kökuna, frekar en að hugsa bara um hvernig á að sneiða hana niður. Við aukum ekki hagsæld með því að jafna alla niður með hærri sköttum og útþenslu hins opinbera, eins og sumir flokkar tala ítrekað fyrir.

Við siglum nú út úr tímabili heimsfaraldurs sem hefur sett mark sitt á flest svið samfélagsins. Það er samdóma álit flestra að hér hafi náðst afburða góður árangur, bæði heilsufars- og efnahagslega. Ísland stóðst COVID-storminn betur en flestar þjóðir. Næstu misseri þurfum við að halda áfram fast við sömu gildi. Jöfn tækifæri umfram jafna útkomu. Trú á fólk, frelsi og framfarir. Þannig byggjum við saman enn sterkara Ísland. ■

> Trú á fólk, frelsi og framfarir. Þannig byggjum við saman enn sterkara Ísland.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Varaþingmaðurinn sem ekki fór inn en vill umbætur

Kristbjörg Þórisdóttir
sérfræðingur í klínískri sálfræði.

Nú hefur þingið endanlega lokið störfum sínum og þingmenn haldnir til sumarleyfa. Þing verður ekki kallað saman á ný fyrr en eftir næstu kosningar. Þá tekur ný áhöfn til starfa við að stýra þjóðarskútunni. Sú áhöfn sem stýrt hefur síðustu fjögur ár hefur staðið sig vel að mínu mati í þeim ólgusjó sem verið hefur og mun mögulega halda áfram eftir næstu kosningar. Þá ákvörðun taka kjósendur.

Ég tók þátt af miklum krafti í síðustu kosningabaráttu. Kosningabarátta er hvoru tveggja lærdómsrík og skemmtileg. Okkar barátta gekk vel og á kosninganótt var ég ýmist inni eða úti en endaði því miður röngu megin við hurðina inn á þing sem varaþingmaður.

Uppbygging framúrskarandi geðheilbrigðiskerfis

Mín helstu baráttumál hafa frá því ég hóf afskipti af stjórnmálum snúist um velferðarmál í mjög víðum skilningi. Ég hef þá trú að flest það sem við gerum tengist á einhvern hátt velferð okkar sjálfra eða annarra. Mín áhersla í síðustu kosningabaráttu snerist um geðheilbrigðismál. Í mínum huga felast gríðarleg tækifæri fyrir okkur sem þjóð í því að byggja hér upp fyrirmyndar geðheilbrigðiskerfi. Kerfi sem hefur það að leiðarljósi að þeir sem þurfa fái rétta þjónustu á réttum stað, á réttum tíma og veitta af réttum aðilum. Leiðin að því markmiði er vörðuð mörgum undirmarkmiðum þar sem víða er pottur brotinn í núverandi kerfi.

Margt þarf að gera og verkefnin eru ærin. Fullmanna þarf sálfræðiþjónustu heilsugæslunnar um allt land svo almenningi sé tryggt öruggt aðgengi að bestu mögulegu meðferð í nærumhverfi. Halda þarf áfram þeirri öflugu uppbyggingu sem nú þegar er hafin í framlínunni. Efla þarf aðgengi að sértækari meðferðum meðal annars með því að styrkja geðheilsuteymi vítt og breitt um landið og ganga frá vel skilgreindum samningi sjálfstætt starfandi sálfræðinga við Sjúkratryggingar Íslands sem allra fyrst til framtíðar. Einnig þarf að efla möguleika Landspítalans á að sinna sínu hlutverki sem þriðjulínu stofnun meðal annars með því að útvega geðdeildinni húsnæði sem uppfyllir nútímakröfur um öryggi og heilsueflandi aðbúnað og umhverfi.

Að auki þarf að styðja vel við allar þær stofnanir og samtök sem sinna þessum viðkvæma málaflokki og notendum þjónustunnar. Kerfið í heild sinni þarf svo að vera vel skilgreint með skýrum boðleiðum svo vitað sé hver gerir hvað, á hvaða tíma og fyrir hvern.

Allra besta fjárfestingin

Arðsemin af þessari uppbyggingu er gríðarleg. Bent hefur verið á að hver króna sem sett er í uppbyggingu á geðheilbrigðisþjónustu skili sér tífalt tilbaka inn í hagkerfið. Í nágrannalöndum okkar, svo sem í Bretlandi og á Norðurlöndum, hefur markvisst verið farið í uppbyggingu á aðgengi að sálfræðiþjónustu og þjálfun mannafla til að sinna verkinu. Mikilvægi þess að grípa inn í áður en vandinn vex og viðkomandi lendir utan vinnumarkaðar með tilheyrandi áhrifum á einstaklinginn, fjölskylduna og aðra í umhverfinu er vel þekkt.

Við þurfum á öllum okkar þegnum að halda til að snúa hjólum efnahagslífsins. Við viljum að fólk geti unnið, greitt skattana sína, þurfi síður að nýta sameiginlega sjóði almennings og sem minnst að nýta velferðarþjónustu. Erfið veikindi og andlát vegna þeirra er ekki það sem við kjósum af hlaðborði lífsins. Þessi fjárfesting í fólki og geðheilsu landsmanna er því með þeim allra bestu sem ríkið getur ráðist í næstu árin. Þessi uppbygging er líka grundvöllur alls annars í samfélaginu því engin heilsa er án geðheilsu og án heilsu gerum við ekki mikið.

> Heilbrigðismál eru mál okkar allra og einhugur meðal þjóðarinnar um að setja þau í forgang.

Áskorun til stjórnvalda og verðandi þingmanna

Þar sem ég náði ekki að tala þessari röddu á nýafstöðnu þingi skora ég á verðandi þingmenn að fylgja þessu máli eftir með okkur sem höfum barist fyrir þessum breytingum og ekki síður að láta verkin tala. Það þýðir að forgangsraða þessari fjárfestingu framar mörgu öðru við fjárlagavinnu næsta árs og næstu ára. Heilbrigðismál eru mál okkar allra og einhugur meðal þjóðarinnar um að setja þau í forgang. Að sama skapi skora ég einnig á verðandi þingmenn að hleypa varaþingmönnum sínum inn á völlinn því með því að opna fyrir fleiri raddir í pontu Alþingis verða að mínu mati afurðir þingsins betri og þörfum kjósenda betur mætt. Ég get lofað því að ég og margir aðrir halda þessari baráttu áfram hvort sem það verður í þingsölum eða á öðrum vettvangi. ■

Reykjavík

Húsnæði til sölu

Tækifæri í Gufunesi

Reykjavíkurborg leitar eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í uppbyggingu til framtíðar í einstöku umhverfi Gufuness, þar sem margir skapandi aðilar hafa komið sér fyrir með starfsemi sína. Íbúabyggð fer einnig vaxandi og innan nokkurra ára er búist við að íbúafjöldi verði vel á annað þúsund manns.

Tvær fasteignir í hjarta hverfisins eru til sölu.

- Gufunesvegur 19, sem er 2.520 m² og hýsti verkstæði, skrifstofu og lager. Lágmarkstilboð 250 m.kr.
- Gufunesvegur 21, sem er 4.306 m² skemma. Lágmarkstilboð 320 m.kr.

Eignirnar verða seldar í núverandi ástandi sem bjóðendur eru hvattir til að kynna sér. Óskir um vettvangsferðir sendist á netfangið esr@reykjavik.is

Verðtilboðum ásamt hugmyndum um uppbyggingu skal skila eigi síðar en kl. 14:00 þann 3. ágúst 2021 með rafrænum hætti á netfangið esr@reykjavik.is

Hugmyndir verða metnar á grunni matslíkans sem finna má á vefsíðu.

Græna planið

Nánari upplýsingar á
reykjavik.is/gufuneseignir

Pólverjar voru brautryðjendur í heimskautarannsóknum

Michał Kleiber
prófessor við Pólsku vísindaakademíuna.

Aðeins 20 lönd reka vísindarannsóknarstöðvar allt árið um kring á Suðurheimskautinu, sem veitir þeim aðgang að þessari stærstu náttúrulegu „rannsóknarstofu náttúrunnar“ með möguleika á metnaðarfullum rannsóknaráætlunum og alþjóðlegu samstarfi. Öfgakenndu veðurfarsskilyrðin sem ríkja á Suðurheimskautinu, strangar kröfur um umhverfisvernd og gífurlegar skipulagslegar kröfur sem fylgja því að viðhalda rannsóknarstöðvum og rekstri vísindaáætlana, gera þetta landsvæði einnig að prófunarstað fyrir nýja tækni. Suðurskautslandið er nú einnig orðið eitt mikilvægasta svæðið fyrir rannsóknir á umhverfisbreytingum á jörðinni.

Pólskir vísindamenn sem voru meðal brautryðjenda rannsókna á Suðurskautssvæðinu, fetuðu í fótspor samlanda síns Henryk Arctowski, ferðalangs, jarðeðlisfræðings og landfræðings. Eftir nám í Belgíu, aðeins 26 ára gamall, tók Arctowski þátt í að skipuleggja leiðangur á Suðurheimskautið árið 1897 og hóf þar með áralangt heimskautarannsóknaræviníýri. Leiðangurinn sigldi á fyrirhugaðan stað og mun vera sá fyrsti til að hafa vetursetu á ís Suðurheimskautsins.

Rannsóknir Arctowski gátu af sér margar nýjar og afhjúpandi vísindalegar tilgátur, þar á meðal tilgátuna um Antarctandes fjallgarðinn, sem nú hefur verið staðfest af nútímavísindum, það er fjallakerfi sem tengir saman einkenni jarðfræðilegrar uppbyggingar Andesfjallanna í Suður-Ameríku og Graham Lands fjallanna á Suðurskautsskaganum. Kenningin um ölduhreyfingu fellibylja var einnig sett fram, sem og kenningin um orsakir þess að umgjörð Suðurheimskautssyllunnar er dýpri en fannst á ystu mörkum annarra meginlanda. Á seinni árum tók Arctowski þátt í rannsóknarverkefni um Svalbarða og gegndi ýmsum mikilvægum störfum á náttúrufræðisöfnum og við háskóla í Belgíu, Bandaríkjunum og Póllandi. Hann hefur lánað nafn sitt til skaga og jökulskers á Suðurskautslandinu, fjalls og jökuls á Svalbarða og til Pólsku suðurheimskautsvísindastöðvarinnar á Suður-Hjaltlandseyjum.

Í áratugi hafa pólskir vísindamenn haldið áfram þessum ágætu hefðum og stundað umfangsmiklar rannsóknir á heimskautasvæðum þar sem starfræktar eru bæði heilsársstöðvar og árstíðabundnar stöðvar. Heilsársstöðvar eru sérstaklega mikilvægar og Pólland er með eina á suðurhveli og aðra á norðurhveli jarðar: Henryk Arctowski pólska Suðurskautsstöðin og Stanisław Siedlecki pólska Heimskautastöðin, Hornsund, á sunnanverðum Svalbarða.

Henryk Arctowski pólska Suðurskautsstöðin var stofnuð 1977 og er vísinda- og rannsóknarstofa sem er stjórnað af Lífefnafræði- og eðlisfræðistofnunar pólsku vísindaakademíunnar. Stöðin, sem er staðsett í meira en 14.000 km fjarlægð frá Póllandi, á King George-eyju, tekur þátt í vísindarannsóknum á sviðum haffræði, jarðfræði, jöklafræði, landmótunarfræði, loftslagsfræði, örverufræði, grasafræði, vistfræði, fuglafræði, erfðafræði, sjávarlíffræði, efnafræði og kortagerð, auk þess að bera ábyrgð á áframhaldandi átaki í umhverfismælingum. Rannsóknarmenn sem vinna við stöðina líta á breytileika vistkerfa heimskautanna, þróun, samsetningu og hreyfiöfl líffræðilegs fjölbreytileika og áhrif loftslagsbreytinga sem mælanlegar eru á Suðurskautsskaganum á virkni vistkerfa sjávar og jarðar. Efnið og gögnin sem safnað hefur verið í yfir 40 ár af samfelldum rannsóknum eru til að mynda virt framlag til vísinda í heiminum.

Frá sjónarhóli dagsins í dag fela sumar sérlega mikilvægar rannsóknir í sér upplýsingaöflun sem skiptir máli fyrir hnattrænar loftslagsbreytingar, umhverfismælingarnar á stærð og ásigkomulag sjófugla og hreifadýrastofna veitir aftur mikilvæga innsýn í ástand alls vistkerfisins og vöktun kolefnisstyrks í úrkomu, í öllum sínum myndum (svo sem regn eða snjór), til að ákvarða mögulegt innstreymi mengunarefna frá bæði fjarlægum og staðbundnum flutningi andrúmslofts.

Samkvæmt bókuninni um umhverfisvernd við Suðurskautssáttmálann er allt Suðurheimskautið náttúrufriðland tileinkað friði og vísindum. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga ástandið á hinum pól jarðarinnar okkar, á Norðurheimskautinu. Þrátt fyrir áhyggjur af einstöku umhverfi sínu keppast lönd svæðisins um áhrif og hvetja námufyrirtækin sín til að leita að olíu og gasi. Ógnvekjandi sjónarmið um eyðingu náttúruauðlinda jarðarinnar hafa heyrst að minnsta kosti frá því að fyrsta skýrsla Rómarklúbbsins var gefin út árið 1972. Vissulega, þegar umræðan um framtíðaraðgengi að orku á jörðinni magnast, mun freistingin til að kanna svæði sem ekki ennþá hafa verið nýtt, aðeins magnast.

Hin mikilvægasta pólska Heimskautastöð, það er Stanisław Siedlecki pólska Heimskautastöðin, Hornsund, á Norðurheimskautinu, byrjaði sem árstíðabundin starfsemi árið 1957 og framlengdi starfsemina í heilsársstarfsemi árið 1978. Henni er stjórnað af Jarðeðlisfræðistofnun pólsku vísindaakademíunnar. Rannsóknirnar sem þar eru gerðar miða að betri skilningi á náttúrlegu kerfi Norðurheimskautsins og þeim breytingum sem verða á því, aðallega í tengslum við loftslagsbreytingar.

Það má með ánægju álykta að rannsóknir sem gerðar hafa verið frá pólsku Heimskautastöðvunum hafi notið verðskuldaðs alþjóðlegs orðspors og veitt mikilvægt framlag til rannsókna á heimsvísu á landsvæði sem skiptir sköpum fyrir framtíð plánetu okkar. ■

> Í áratugi hafa pólskir vísindamenn haldið áfram þessum ágætu hefðum.

Textinn er birtur samtímis í pólska mánaðarlega tímaritinu „Wszystko Co Najważniejsze“ sem hluti af verkefni sem unnið var með Þjóðarminningarstofnuninni (the Institute of National Remembrance) og Seðlabanka Póllands (Narodowy Bank Polski.

Aðgengi að þjónustu sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa

Steinunn Bergmann
formaður Félagsráðgjafafélags Íslands.

Það er gleðiefni að íslenskt samfélag virðist vera að ná tökum á COVID-19 faraldrinum og hafa bólusetningar gengið vel hér á landi, en um 80% íbúa 16 ára og eldri eru fullbólusettir og 8,7% hálfbólusettir. Jafnframt dregur úr atvinnuleysi en skráð atvinnuleysi mældist samkvæmt bráðabirgðatölum 7,3% í júní en var 9,1% í maí. Þá bendir ný skýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um Ísland til þess að vel hafi gengið í baráttunni við faraldurinn og að viðsnúningur sé framundan í efnahagslífinu. En fleiru þarf að huga að því sálfélagslegar afleiðingar faraldursins eiga enn eftir að koma fram og því er mikilvægt að tryggja í tíma viðeigandi stuðning til þeirra sem þess þurfa.

Tryggja þarf viðeigandi þjónustu

Kvíði, streita, samskiptavandi og félagsleg einangrun er ein af afleiðingum COVID-19 faraldursins sem skapaðist vegna óvissu og samkomubanns. Félagsráðgjafar sinna mikilvægu hlutverki til að tryggja lögbundna þjónustu. Í faraldrinum leituðu þeir leiða til að tryggja að viðkvæmir hópar fengju nauðsynlega þjónustu, svo sem mat, félagsskap og aðhlynningu. Þegar Landlæknir sendi út þau skilaboð að fólk ætti að halda sig heima til að fyrirbyggja smit þurfti að leita leiða til að tryggja þjónustu fyrir heimilislausa, fatlaða, aldraða og aðra viðkvæma hópa. Einnig þurfti að finna leiðir til að rjúfa félagslega einangrun. Þegar um er að ræða félagslegan vanda þá þarf að bregðast við sem fyrst áður en vandinn þróast og verður illviðráðanlegur. Tölur sýna að tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði í faraldrinum, heimilisofbeldi jókst, biðlistar eftir sérfræðiþjónustu skóla lengdust og sama er að segja um bið eftir þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga.



Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar því áformum Reykjavíkurborgar að efla sálfræði- og talmeinaþjónustu í skólum borgarinnar eins og fram kemur í grein Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur þann 2. júní sl. á visi.is. Félagið fagnar einnig áformum borgarinnar að fara í samstarf við einkareknar stofur til að tryggja þjónustu og vill í því sambandi vekja athygli á því að margir félagsráðgjafar bjóða upp á þjónustu á einkareknum stofum með viðtölum við einstaklinga, pör og fjölskyldur sem þurfa á margvíslegri aðstoð að halda. Það er mikilvægt að tryggja aðgengi að viðeigandi þjónustu fyrir alla aldurshópa og því er brýnt að ríkið geri samninga við félagsráðgjafa um niðurgreiðslu á þjónustu þeirra. Félagið skorar á heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra að grípa inn í og tryggja fjármagn í því skyni að sálfræðiþjónusta og önnur klínísk viðtalsmeðferð, meðal annars félagsráðgjafa, falli undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga, líkt og Alþingi samþykkti samhljóða fyrir rúmu ári síðan. ■

> Þegar um er að ræða félagslegan vanda þá þarf að bregðast við sem fyrst áður en vandinn þróast og verður illviðráðanlegur.

100% rafdrifinn MG ZS EV Luxury

Langtímaleiga FLEX aðeins **79.990 kr.** á mánuði

Með langtímaleigu FLEX er allt innifalið fyrir almennan rekstur bílsins:
Dekk, ábyrgðarskoðun, þjónustuskoðanir og tryggingar.
Um er að ræða 36 mánaða leigu með inniföldum 18.000 km akstri á ári.
Hafðu samband við okkur og kynntu þér langtímaleigu á nýjum MG.

Verð á MG ZS EV Luxury: 4.590.000 kr.

Recharge yourself

ENNEMM / SÍA / NM006377

Nýr og glæsilegur MG ZS EV Luxury er 100% rafdrifinn 5 manna fjölskyldubíll.
Rafhlaðan er 44,5 kWh og drægni er 263 km (WLTP-prófun). Tekur við allt að 85 kW hraðhleðslu.

Meðal staðalbúnaðar í MG ZS EV eru sjálfvirk há/lág aðalljós, skynvæddur hraðastillir, sjálfvirk neyðarhemlun, akreinavari og akreinastýring, E-Call neyðarhringing og leiðsögukerfi með Íslandskorti.
Aukabúnaður í Luxury: bakkmyndavél, blindhornsviðvörun, upphituð framsæti, opnanlegt glerþak, regnskynjari, brekkubremsa, 17" álfelgur, 6 hátalarar o.fl.

Verið velkomin í reynsluakstur!

FLEX

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

TÍMAMÓT
FRÉTTABLAÐIÐ
14. júlí 2021 MIÐVIKUDAGUR

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Baldur Sigurðsson

Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði 15. júlí kl. 11.

Sigríður Ingvarsdóttir og fjölskylda

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför elsku bestu mömmu okkar, tengdamömmu, dóttur og systur,

Sveinbjargar Rósalindar Ólafsdóttur

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Landspítalans.

Jóhann Ólafur Sveinbjargarson
Lovísa Margrét Kristjánsdóttir **Íris Bjarnadóttir**
Viktor Freyr Arnarson
Ólafur Haraldsson **Jóna Margrét Ragna Jóhannsdóttir**
Árni Brynjar Ólafsson **Gunnþórunn Sara Brynjarsdóttir**
Haraldur Óli Ólafsson **Sigrún Sigurhjartardóttir**

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna andláts og útfarar

Bjarna Georgs Einarssonar

Fjarðargötu 49, Þingeyri.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki dvalarheimilisins Tjarnar á Þingeyri fyrir góða umönnun.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Sylvía Ólafsdóttir

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Atli Pálsson

Norðurbrú 1, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi 11. júlí sl. Útförin fer fram frá Garðakirkju á Álftanesi, föstudaginn 16. júlí kl. 13.00.

Hallgrímur Atlason **Guðbjörg Jónsdóttir**
Guðjón Atlason **Ana Isorena Atlason**
Atli Atlason **Elin Svarrer Wang**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kári Birgir Sigurðsson

lést á gjörgæsludeild Landspítalans Fossvogi þann 30. júní . Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæslu Landspítalans Fossvogi.

Aðstandendur.

Kær frænka okkar,

Ásta Sigfúsdóttir

Dalbraut 27,
áður til heimilis að
Grensásvegi 52, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 8. júlí á Landspítalanum, Hringbraut. Útförin fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 15. júlí kl. 13.00. Aðstandendur þakka auðsýnda samúð.

Lárus Þórðarson
Valdís Þórðardóttir
Valgerður Guðmundsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Ragnhildur Þórðardóttir
Þorsteinn Guðmundsson
Sveinn Helgi Guðmundsson
Þorsteinn Trausti Þórðarson
og fjölskyldur þeirra.

Þetta er í átjánda skipti sem hátíðin er haldin en hún hét Matur og menning til ársins 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Herlegheit á Húnavöku

Húnavakan á Blönduósi hefst í átjánda sinn á fimmtudag og verður stærri en nokkru sinni fyrr. Á dagskránni er blanda af rótgrónum liðum og nýjungum.

arnartomas@frettabladid.is

Brekkusöngurinn er fastur dagskrárliður á Húnavökunni. MYND/AÐSEND

„Það eru allir rosalega peppaðir," segir Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, skipuleggjandi Húnavökunnar, sem hefst á Blönduósi á morgun og stendur fram á sunnudag. Hátíðin er haldin þriðju helgina í júlí ár hvert og samanstendur af fjölbreyttri dagskrá þar sem er meðal annars boðið upp á dansleiki, golfmót, fjöldasöng og hið rótgróna Blönduhlaup.

Þetta er í átjánda sinn sem Húnavakan er haldin en hún hét upphaflega Matur og menning en nafninu var breytt árið 2006. Hátíðin var ekki flautuð af í fyrra þrátt fyrir faraldurinn en Kristín segir að hún hafi verið með minna sniði. „Það var hundleiðinlegt veður og við auglýstum hana ekki neitt. Hátíðin kemur svo aftur inn með fullum krafti í ár, og meðal nýjunga í ár verða stórir útitónleikar á föstudagskvöldinu."

Kristín býst við góðri mætingu þar sem gistipláss á svæðinu eru löngu orðin uppseld. Hún segir þó að veðrátt-an sé alltaf stór þáttur þegar kemur að mætingu. „Það er aldrei að vita. Það eru samt alltaf fastagestir eins og brottfluttir Blönduósingar og fólk úr nágranna-sveitarfélögum."

Einn af einkennandi liðum hátíðar-innar er fígúrur sem Blönduósingar búa til og stilla upp fyrir framan heimili sín og setja skemmtilegan svip á bæinn. Verðlaun eru svo veitt fyrir flottustu fígúruna og þá götu þar sem flestar fígúrur má finna.

Þá er einnig nóg um list á hátíðinni og meðal dagskrárliða er sýning í Hrútey á útilistaverkum listakonunnar Hrafn-hildar Arnardóttur, betur þekktri sem Shoplifter. Þar hefur hún stillt eynni og gervináttúruverkum sínum upp sem hliðstæðum sem einnig má skoða sem andstæður, samstæður eða gagnstæðar spegilmyndir.

Dagskrána í heild má finna á Face-book-síðu hátíðarinnar og Kristín hvet-ur alla til að kíkja á Blönduós og sjá hvað bærinn hefur upp á að bjóða. ■

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Jóhannsdóttir

fyrrv. skólastjóri
Hjúkrunarskóla Íslands,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju fimmtudaginn 15. júlí klukkan 15. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni: skjaskot.is/sigridurjohanna

Bjarni Valtýsson **Dóra Gerður Stefánsdóttir**
Jóhann Valtýsson **Ewa Hjelm**
Valtýr Valtýsson **Sigrún Björk Benediktsdóttir**
Sigríður Þórdís Valtýsdóttir **Árni Jón Geirsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar elskaða móðir, tengdamóðir og amma,

Friðgerður Þórðardóttir

Brúnavegi 13, Reykjavík,
áður Hraunbæ 111, Reykjavík,

lést sunnudaginn 4. júlí á Hrafnistu í Reykjavík. Útförin fer fram frá Árbæjar-kirkju fimmtudaginn 15. júlí kl. 15.00.

Logi Ragnarsson **Jóhanna Kr. Steingrímsdóttir**
Valur Ragnarsson **Sigríður Björnsdóttir**
Halla Hrund, Haukur Steinn, Ingunn Ýr, Vaka

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Jón Hlíðar Runólfsson

lést á heimili sínu í Vogum á Vatnsleysuströnd, föstudaginn 9. júlí. Minningarathöfnin fer fram að búddískum sið í hátíðarsal Flensborgarskólans í Hafnarfirði, fimmtudaginn 22. júlí kl. 14.00.

Eygló Jónsdóttir, Eyrún Ósk Jónsdóttir, Sverrir Jörstad Sverrisson, Ólafur Hrafn Hlíðar Eyrúnarson, Steinn Hlíðar Jónsson, Heiðdís Halla Sigurðardóttir, Sindri Hlíðar Jónsson, Tamara Spell og Ólavía Sóley Sindradóttir.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Soffía G. Jóhannsdóttir

frá Siglufirði,
Kleppsvegi 62,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 11. júlí.

Jóhann Pétur Jónsson **Kristín Salóme Steingrímsd.**
Einar Hjálmar Jónsson **Erla J. Erlingsdóttir**
Hafdís Jónsdóttir **Georg Kulp**
Kristrún Jónsdóttir **Ólafur Fannar Vigfússon**
barnabörn og barnabarnabörn.

FRÉTTABLAÐIÐ

MARKAÐURINN

MIÐVIKUDAGUR 14. JÚLÍ 2021

28. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX TUDOR TAGHeuer LONGINES NOMOS GLASHÜTTE TISSOT

Verið velkomin í glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Seldur á tveggja prósenta undirverði

2 Nánast enginn afsláttur var veittur við sölu á bréfum í Íslandsbanka í samanburði við markaðsverð og framtíðararðsemi annarra evrópskra banka.

Fjárfestar undirbúa kauptilboð í Mílu

2 Fjöldi fjárfesta er þessa dagana að kanna möguleg kaup á Mílu, en frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum er til loka þessa mánaðar.

Hluthöfum fækkað um fjögur þúsund

2 Hluthöfum Íslandsbanka hefur fækkað um liðlega 17 prósent á þremur vikum eftir að bankinn var skráður á hlutabréfamarkað og eru þeir núna rúmlega 20 þúsund.

Sveitarfélög axli ábyrgð

6 „Tryggja þarf að hagkvæm uppbygging eigi sér stað fyrir almenna íbúðamarkaðinn, en verði ekki aðeins í gegnum óhagnaðardrifin leigufélög," segir sviðsstjóri hjá SI.

Mun valda byltingu í veiðum

7 Hampiðjan þróar tækni ásamt Stjörnu-Odda sem gerir það að verkum að hægt verði að veiða einungis tiltekna tegund af fiski af tiltekinni stærð, en ekki taka við öllu því sem fer í trollið.

Samruni á stórum skala

Samruni Nordic Visitor og Iceland Travel er sá umfangsmesti sem sést hefur í íslenskri ferðaþjónustu í seinni tíð. Samstæðan verður sú þriðja stærsta í greininni miðað við veltu. **Sjá síðu 4**

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Fjárfestar undirbúa kauptilboð í Mílu

hordur@frettabladid.is

5.150

Áætlaður hagnaður Mílu fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) er 5.150 milljónir í ár.

Fjöldi fjárfesta, einkum erlendir sjóðir sem sérhæfa sig í fjárfestingum í innviðafyrirtækjum, eru nú að kanna möguleg kaup á Mílu, dótturfélagi Símans, en frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum í fyrirtækið er til loka þessa mánaðar.

Á meðal þeirra, samkvæmt heimildum Markaðarins, er breska félagið Ancala Partners, sem keypti helmingshlut í HS Orku á árinu 2019 fyrir um 35 milljarða, franski fjárfestingarsjóðurinn Ardian og rekstrarfélagið Summa, sem skoðar nú að fjármagna nýjan innviðasjóð til að gera tilboð í Mílu í samfloti með íslenskum lífeyrissjóðum.

Fulltrúar Ardian, sem er með innviðaeignir í stýringu að fjárhæð um 16 milljarða Bandaríkjadala, eiga fund með forsvarsmönnum íslenskra lífeyrissjóða á morgun, fimmtudag, meðal annars í þeim tilgangi að kanna mögulegt samstarf vegna fjárfestingarinnar. Þá hafa ráðgjafar Ancala sett sig í samband við stjórnendur sumra lífeyrissjóðanna hér á landi af sama tilefni.

Verði af sölu á Mílu, sem ætti að skýrast snemma á haustmánuðum, yrði um að ræða afar stór viðskipti. Viðmælendur Markaðarins, sem greina nú þær upplýsingar sem fjárfestar og ráðgjafar þeirra fengu eftir að hafa undirgengist ströng skilyrði um trúnað á meðan á söluferlinu stendur, segja hins vegar erfitt að leggja nákvæmt mat á virði félagsins á þessu stigi og meðal annars þurfi að liggja fyrir betri upplýsingar um hvað sé raunhæft að Míla geti skilað í rekstrarhagnað á komandi árum.

Ekki er þó talið ólíklegt að EBITDA-margfaldarinn við sölu á Mílu sé á bilinu 12 til 15, sem þýðir að óbreyttu að heildarvirði félagsins – EBITDA þessa árs er áætluð 5.150 milljónir – geti verið um 60 til 80 milljarðar króna. Markaðsvirði Símans í dag er um 84 milljarðar.

Hugmyndir um að selja Mílu hafa lengi verið í burðarliðnum en í lok apríl var tilkynnt um að Síminn hefði fengið Lazard og Íslandsbanka til að veita sér ráðgjöf um stefnumarkmið og framtíðarmöguleika félagsins, meðal annars er varðar framtíðareignarhald. ■

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **550 5051**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð

KONTAKT
FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

Seldur á um tveggja prósenta undirverði miðað við arðsemi

Nánast enginn afsláttur var veittur við sölu á bréfum í Íslandsbanka í samanburði við markaðsverð og framtíðararðsemi annarra evrópskra banka. Íslensku viðskiptabankarnir eru í dag metnir á talsvert hærra verði.

hordur@frettabladid.is

Miðað við væntingar um framtíðararðsemi Íslandsbanka þá var 35 prósenta eignarhlutur í bankanum seldur í nýafstöðnu hlutafjárútboði á nánast sama verði og ætla mætti með hliðsjón af markaðsvirði fjölda annarra banka í Evrópu sem eru að skila sambærilegri arðsemi.

Samkvæmt samantekt Markaðarins, sem byggir á gögnum frá Bloomberg um markaðsverð skráðra evrópskra banka og áætlunum um arðsemi þeirra á árinu 2023, þá var hlutur ríkissjóðs í Íslandsbanka þannig seldur á aðeins rúmlega tveggja prósenta undirverði þegar bankinn var skráður á markað í liðnum mánuði. Framtíðararðsemi undirliggjandi eiginfjár – bókfært eigið fé að frádregnum óefnislegum eignum – er almennt álitinn stærsti áhrifaþátturinn á markaðsvirði hlutabréfa banka í Evrópu.

Sé hins vegar aðeins horft til norrænna banka má áætla að hluturinn í Íslandsbanka hafi verið seldur á um 6,5 prósenta undirverði.

Ríkissjóður seldi sem kunnugt er 35 prósenta hlut í bankanum á samtals 55,3 milljarða króna en umframeftirspurn í útboðinu reyndist vera níföld. Útboðsgengið var 79 krónur á hlut og var hlutaféð í bankanum því selt á gengi sem jafngildir um 0,87 af undirliggjandi eigin fé í lok fyrsta ársfjórðungs, sem var um 182 milljarðar króna. Það er nokkuð lægra gengi í samanburði við flesta aðra norræna banka, meðal annars Arion banka sem var á sama tíma metinn á um 33 prósent hærra verði, en þeir hins vegar eiga það sammerkt að fjárfestar vænta þar hærri arðsemi en hjá Íslandsbanka.

Stjórnendur bankans hafa gefið út að markmið hans sé að skila arðsemi eiginfjár á bilinu 8 til 10 prósent fyrir árið 2023 og yfir 10 prósentum til lengri tíma. Hagnaður Íslandsbanka á fyrsta ársfjórðungi nam 3,6 milljörðum sem jafngilti 7,7 prósenta arðsemi á ársgrundvelli. Bankinn sendi fyrr í vikunni frá sér jákvæða afkomuviðvörun þar sem hann sagði útlit fyrir að hagnaður á öðrum fjórðungi yrði 5,4 milljarðar.

Hlutabréfaverð Íslandsbanka hækkaði um tæplega 20 prósent þegar bankinn var skráður á markað þriðjudaginn 21. júní síðastliðinn – hækkunin nam um 25 prósentum í lok þeirrar viku – sem er litlu meiri gengishækkun en þegar Arion banki fór á hlutabréfamarkað í júní 2018 en bréf bankans fóru þá upp um 18,4 prósent á fyrsta degi viðskipta. Gengi hlutabréfa Íslandsbanka hefur haldið áfram að hækka, rétt eins og flestra annarra félaga í Kauphöllinni, en við lokun markaða í gær stóð gengið í 106,5 krónum á hlut og hefur því hækkað um liðlega 35 prósent frá skráningu bankans.

Markaðsvirði Íslandsbanka er nú samtals 213 milljarðar og er hlutafé bankans nú verðmetið á genginu um 1,17 miðað við undirliggjandi eigið fé hans í lok fyrsta ársfjórðungs. Hlutafé Íslandsbanka er hins vegar enn metið á nokkru undirverði í samanburði við Arion en gengi bréfa bankans er á sama mælikvarða yfir 1,5 miðað við eigið fé hans. Báðir bankarnir eru í dag metnir á talsvert hærra verði en aðrir evrópskir bankar sem eru að skila sambærilegri arðsemi.

Ríkissjóður hefur skuldbundið sig til að selja ekki nein frekari bréf í bankanum fyrr en í fyrsta lagi að sex mánuðum liðnum. Markaðsvirði eftirstandandi eignarhlutar ríkisins – 65 prósenta hlutur – er um 139 milljarðar króna. Það er aðeins litlu lægri upphæð en bankinn var metinn á í heild sinni í ríkisreikningi í árslok 2020, eða 148 milljarðar. ■

Daginn áður en Íslandsbanki var skráður á markað (21. júní)



Eftir fyrstu viku viðskipta með bréf Íslandsbanka (25. júní)



Yfirverð/undirverð miðað við aðra evrópska banka

	21. júní	25. júní
Íslandsbanki	-2,1%	+24,1%
Arion	+33,2%	+33,8%

Hluthöfum fækkað um 4 þúsund

hordur@frettabladid.is

Hluthöfum Íslandsbanka hefur fækkað um liðlega 17 prósent á þremur vikum eftir að bankinn var skráður á hlutabréfamarkað.

Samkvæmt upplýsingum sem Markaðurinn fékk frá Íslandsbanka stóð heildarfjöldi hluthafa í gær í rétt rúmlega 20 þúsundum talsins en eftir hlutafjárútboð bankans í liðnum mánuði var fjöldi hluthafa hins vegar um 24 þúsund. Hefur þeim því fækkað um tæplega 4 þúsund en bankinn er hins vegar eftir sem áður með mesta fjölda hluthafa allra skráðra félaga á Íslandi.

Talsverður hópur hluthafa, sem tók þátt í útboðinu, hefur því selt öll sín bréf í bankanum á fyrstu dögunum eftir að hann var skráður á markað þann 22. júní síðastliðinn.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka hringir inn fyrstu viðskiptin. MYND/AÐSEND

Fastlega má gera ráð fyrir að þar hafi einkum verið um að ræða almenna fjárfesta. Lágmarksfjárhæðin sem hægt var að kaupa fyrir nam 50 þúsund krónum, sem var nokkuð lægra en jafnan hefur tíðkast í almennum hlutafjárútboðum hér á landi, en allir fjárfestar sem tóku þátt þurftu að sæta skerðingum á sínum tilboðum niður í eina milljón.

Hlutabréfaverð Íslandsbanka hækkaði um 20 prósent á fyrsta degi viðskipta í 5,4 milljarða veltu. Gengi bréfa bankans hefur síðan haldið áfram að hækka nokkuð en frá skráningu bankans nemur gengishækkunin um 35 prósent.

Samkvæmt tölum frá Kauphöllinni nam fjöldi einstaklinga sem átti skráð hlutabréf um 32 þúsundum í lok júní og hafði hann fjórfaldast frá því í árslok 2019. ■

ALVÖRU LÚXUS

BESTU KAUPIN - FJÓRÐA ÁRIÐ Í RÖÐ

Eitt virtasta fagrit bílamarkaðarins, 4X4 Magazine, valið Rexton sem jeppa ársins, auk þess að sæma hann bestu kaupin, fjögur ár í röð. Nýr Rexton hefur allt til að bera, hann er búinn fjölda nýjunga og er fjórhjóladrifinn, 7 manna, lúxusjeppi – stolt eigenda sinna.



Til afhendingar strax.

Sjálfskiptur Rexton Premium: **8.490.000 kr.**

Langtímaleiga: **189.600 kr. á mánuði****

• KRAFTMEIRI • FLEIRI GÍRAR • LÆST AFTURDRIF* • NÝ FJÖÐRUN

- **Byggður á grind**
- **Hátt og lágt drif**
- **Læstur millikassi**
- **7 manna**
- **5 ára ábyrgð**
- **Sjálfstæð fjöðrun**

*Í Adventure og Ultimate

****Innifalið í langtímaleigu:** Þjónustuskoðanir, dekk og dekkjaskipti, bifreiðagjöld og tryggingar. Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

benni.is

BÍLABÚÐ BENNA
KOLEFNISJAFNAR SSANGYONG

SSANGYONG

Bílasala Suðurnesja
Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Ib bílar
Selfoss
Fossnes A
Sími: 480 8080

Bílaríkið
Akureyri
Lónsbakka
Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Ásberg byrjaði að reka eigið ferðaþjónustufyrirtæki um tvítugt, þegar ferðamenn á Íslandi voru færri en 300 þúsund á ári.

Skuldastaðan í ferðaþjónustu er ósjálfbær

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
thorsteinn@frettabladid.is

Samruni Nordic Visitor og Iceland Travel er sá umfangsmesti sem sést hefur í íslenskri ferðaþjónustu í seinni tíð. Ásberg Jónsson, forstjóri Nordic Visitor kallar eftir samstilltu átaki til að leysa úr skuldavanda greinarinnar.

Saman verða ferðaskrifstofurnar Nordic Visitor, Iceland Travel og Terra Nova þriðja stærsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins, þegar kaup Nordic Visitor á Iceland Travel ganga í gegn. Ef miðað er við veltu félaganna árið 2019 er yfirtakan sú umfangsmesta sem sést hefur í íslenskri ferðaþjónustu í seinni tíð. Ásberg Jónsson, forstjóri og stofnandi Nordic Visitor, segir að samstillt átak þurfi til að leysa úr ósjálfbærri skuldastöðu ferðaþjónustunnar ella nái greinin sér ekki almennilega á strik.

Nordic Visitor, sem var stofnað árið 2002, keypti Iceland Travel, dótturfélag Icelandair, fyrir 1,4 milljarða króna. Kaupin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og endanlegt söluverð er háð árangri og afkomu Iceland Travel árin 2022 og 2023.

Nordic Visitor hefur sérhæft sig í að selja ferðir beint til einstaklinga en árið 2019 var ákveðið að auka við þjónustuframboð fyrirtækisins með sölu ferða í heildsölu til ferðaskipuleggjenda og annarra fyrirtækja.

Velta fyrirtækjanna árið 2019

Nordic Visitor	4,1 milljarður
Terra Nova	1,8 milljarðar
Iceland Travel	8,5 milljarðar
Samanlögð velta	14,4 milljarðar

Stærstu hluthafar eftir samruna

Ásberg Jónsson	51,7 prósent
Alfa framtak	26,1 prósent
Davíð Harðarson	14,9 prósent

Beint og óbeint eignarhald

Fyrsta skrefið voru kaup Nordic Visitor á Terra Nova sem var hluti af TravelCo sem stofnað var í kjölfar gjaldþrots Primera Travel Group og kaupin á Iceland Travel eru enn stærra skref í þessa átt.

„Við vissum af því að Icelandair Group hafði áhuga á að selja Iceland Travel en sýndum því ekki mikinn áhuga til að byrja með. Á þeim tíma var fyrirtækið með vel á annað hundrað starfsmenn og yfirtaka myndi því hafa uppsagnir í för með sér. Það er mun skemmtilegra að byggja upp heldur en að skala niður," segir Ásberg, en viðhorfið breyttist með tilkomu kórónuveirunnar.

„Ég tel að nú sé mjög ákjósanlegur tími til að kaupa Iceland Travel. Seljandinn vildi selja og verðið var ásættanlegt fyrir báða aðila miðað við aðstæður."

Um leið og ákveðið var að setja Iceland Travel í opið söluferli fyrr á þessu ári var ákveðið að skila inn bindandi tilboði af hálfu Nordic Visitor. Morgunblaðið greindi frá því að Kynnisferðir, Keahótel og sjóður á vegum Landsbréfa hefðu einnig gert tilboð í Iceland Travel.

„Við töldum að af öllum tilboðsgjöfum hefðum við mesta samlegð með þessum rekstri og ættum þannig auðveldast með að bæta afkomu félagsins án þess að skera niður almennt í rekstrinum," segir Ásberg.

Hugmyndin á bakvið kaup Nordic Visitor á Iceland Travel er tvíþætt. Annars vegar sér Ásberg mikil samlegðartækifæri þrátt fyrir að fyrirtækin verði áfram rekin sem sjálfstæðar einingar. Í haust verður stofnað móðurfélag fyrir samstæðuna sem mun sjá um meðal annars stoðþjónustu rekstrarins.

„Hins vegar sjáum við fram á að ferðamenn séu tilbúnir að borga aukalega fyrir öryggið sem ferðaskrifstofur veita. Margir sem skipulögðu ferðalag árið 2020 lentu í því að eiga erfitt með að fá upplýsingar og endurgreiðslur frá hinum og þessum. Ef þú bókar beint hjá hóteli þá færðu ekki endurgreitt ef hótelið fer á hausinn. Sama gildir um bílaleigur, afþreyingu og svo framvegis. Ef þú bókar beint og flugið þitt frestast þá ertu í þeirri stöðu að þurfa að endurbóka ferðina og hugsanlega fæst hluti af henni ekki endurgreiddur," útskýrir Ásberg. Annað gildir um bókanir hjá ferðaskrifstofum.

„Ef þú bókar hjá ferðaskrifstofu þá veistu að hún hefur gjaldþrotatryggingu. Ef flugið frestast þá sér ferðaskrifstofan um endurbókanir og ef það eru kvaðir um skimanir þá sér ferðaskrifstofan um að upplýsa þig um þær. Hún ber ábyrgð á þér. Við teljum að fram til ársins 2023, og jafnvel lengur, muni sérhæfðar ferðaskrifstofur með staðbundna þekkingu taka stærri hluta af kökunni. Markaðshlutdeild þeirra mun aukast á kostnað beinna bókana."

Þá nefnir Ásberg að Iceland Travel hafi verið leiðandi í ferðaþjónustu hér á landi í langan tíma, ímynd félagsins sé sterk og starfsfólkið reynslumikið. „Ég vona að vinna Samkeppniseftirlitsins taki ekki mjög langan tíma því ég er spenntur fyrir því að geta hafið störf og kynnst starfsmönnum Iceland Travel."

Alfa fær 26 prósent

Framtakssjóðurinn Alfa framtak stóð að fjármögnun kaupanna fyrir hönd Nordic visitor. Spurður um aðkomu Alfa framtaks segir Ásberg að sjóðurinn hafi fjármagnað kaupverðið að stórum hluta gegn því að

> Við teljum að fram til ársins 2023, og jafnvel lengur, muni sérhæfðar ferðaskrifstofur með staðbundna þekkingu taka stærri hluta af kökunni. Markaðshlutdeild þeirra mun aukast á kostnað beinna bókana.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 14. júlí 2021

Minningarathöfn um fórnarlömb voðaverkanna í Ósló árið 2011 fer fram árlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hatursorðræða eykst í Noregi

elin@frettabladid.is

Í næstu viku, eða þann 22. júlí, verða tíu ár liðin frá harmleikjunum í Útey og miðborg Óslóar sem seint gleymast. Norðmenn minnast þessa atburðar með miklum hryllingi en engu að síður hefur hatursorðræða í Noregi stóraukist á undanförnum árum. Hatursorðræðan hefur þau áhrif að ungt fólk þorir ekki að taka þátt í stjórnmálum þar í landi. Hótanir gegn stjórnmálamönnum hafa stóraukist, sýna rannsóknir sem Tore Bjørgo prófessor hefur unnið að.

Alls fórust 77 í voðaverkunum í Noregi, 69 í Útey og 8 í sprengingu í Ósló. Alls voru 700 ungmenni í Útey þegar hryðjuverkin voru framin, en eyjan er í eigu ungliðahreyfingar norska verkamannaflokksins.

Þróun á netinu

Tore Bjørgo segir að reiðin og hótanirnar hafi farið vaxandi og þeir sem standa á bak við þær „feli sig“ gjarnan á bak við skjáinn. „Það er sérstaklega á samfélagsmiðlum sem við sjáum þessa þróun,“ bendir hann á. Rannsóknir Tore sýna að meira en helmingur þingmanna norska Stórþingsins og sveitarstjórnarmanna hafa orðið fyrir alvarlegum ógnunum. Margir íhuga að hverfa úr stjórnmálum eða telja sig þurfa að vera afar varkára í umræðum um umdeild málefni. Þá hafa stjórnmálamenn með dökkt hörund lýst rasisma í sinn garð, að því er fram kemur í grein á vefritinu forskning.no. Bæði konur og karlar verða fyrir hatursorðræðu, en konur fá frekar athugasemdir er varða líkama, útlit og húðlit.

Ofnæmi fyrir grasfrjókornum yfir sumartímann er algengasta, árstíðabundna ofnæmið. Einkenni þess geta verið mjög hvimleið og valdið skertum lífsgæðum þann tíma sem frjókornin eru á lofti. Alvogen býður upp á úrval af lyfjum í lausasölu, sem vinna gegn þessum óþægindum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ýmsar lausnir við ofnæmiskvefi

Alvogen býður upp á úrval af lyfjum í lausasölu sem vinna gegn árstíðabundnu ofnæmiskvefi og einkennum þess. Ofnæmi fyrir frjókornum yfir sumartímann er algengasta orsök árstíðabundins ofnæmiskvefs, sem getur skert lífsgæði. 2

Unnur Sverrisdóttir, lyfjafræðingur og markaðsfulltrúi Alvogen. Fyrirtækið býður upp á breitt úrval af lyfjum í lausasölu við ofnæmiskvefi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Árstíðabundið ofnæmiskvef (e. allergic rhinitis) er ofnæmi sem bundið er við árstíð og þar sem einkennin minna á kvefeinkenni þar sem ofnæmið veldur bólgu í nefgöngum," segir Unnur Sverrisdóttir, lyfjafræðingur og markaðsfulltrúi Alvogen. „Algengasta árstíðabundna ofnæmið er ofnæmi fyrir grasfrjókornum yfir sumartímann. Frjókornin geta þó einnig verið frá súrum, birki, fíflum eða gróum frá myglu og sveppum og fleira. Einkenni frjókornaofnæmis koma fyrst og fremst fram í nefi, augum og munni. Þau geta verið mjög hvimleið og valdið skertum lífsgæðum yfir sumartímann eða þann tíma sem frjókornin eru á lofti. Tímabil frjókornaofnæmis er yfirleitt frá maí og getur verið allt fram í september, en magn frjókorna í andrúmsloftinu fer mikið eftir veðri. Í rigningu er minna magn frjókorna í loftinu en þegar þurrt og vindasamt er í veðri.

Í ofnæmi ræðst ónæmiskerfið á hættulausa ofnæmisvalda eins og frjókorn. Frumur ónæmiskerfisins bregðast við frjókornunum með kröftugu ónæmissvari og losa ýmis efni eins og til dæmis histamín sem valda ofnæmiseinkennum," segir Unnur. „Einkennin eru háð frjómagni í lofti og versna ef mikið er af frjókornum í lofti. Einkenni frjókornaofnæmis frá augum, munni og nefi kallast ofnæmiskvef, eins og fram kom hér að framan. Einkennin eru til að mynda nefstífla, nefrennsli, tárarennsli, hnerri, hósti og kláði eða sviði í munni, nefi og augum. Einnig getur fólk með ofnæmi fundið fyrir óvenju mikilli þreytu.

Ýmis lyf má finna í lausasölu við ofnæmiskvefi, bæði lyf til inntöku og nefúði. Lyf til inntöku eru andhistamín lyf, það er þau hindra áhrif histamíns í líkamanum. Eldri andhistamínlyf geta farið yfir í miðtaugakerfið og valdið slævandi áhrifum en nýrri andhistamínlyfin komast ekki yfir í miðtaugakerfið og geta því ekki valdið slævandi áhrifum," útskýrir Unnur. „Nefúðarnir innihalda margir hverjir stera, en sterar hafa bólgueyðandi áhrif og draga úr ofnæmisviðbragðinu. Kostur nefúða er meðal annars að verkunin er staðbundin en ekki altæk eins og töflur til inntöku."

Alvogen býður upp á breitt úrval af lyfjum í lausasölu við ofnæmiskvefi. Einstaklingsbundið getur verið hvaða meðferð gefur bestan ávinning. ■

Cetirizine Alvogen

Eldra heiti: Cetirizine ratiopharm

Cetirizine Alvogen/ratiopharm er einnig andhistamínlyf eins og Desloratadine Alvogen. Cetirizine Alvogen/ratiopharm eru töflur sem innihalda virka efnið cetirizin (10 mg). Það dregur úr einkennum frá nefi og augum hjá þeim sem hafa árstíðabundið ofnæmiskvef og dregur úr einkennum ofsakláða. Cetirizine Alvogen/ratiopharm skal taka einu sinni á dag. Klínískar rannsóknir hafa sýnt að í þeim skömmtum sem mælt er með hefur cetirizin minniháttar áhrif á miðtaugakerfið. Ef einstaklingur er næmur fyrir slævandi aukaverkunum er mælt með að taka töfluna að kvöldi fyrir svefn til að lágmarka slævandi áhrif. Sýnt hefur verið fram á að cetirizin í ráðlögðum skömmtum bætir lífsgæði sjúklinga með árstíðabundið ofnæmiskvef. Hægt er að fá Cetirizine Alvogen/ratiopharm í 10, 30 og 100 stk. pakkningum í lausasölu.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfjanna. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfin á www.serlyfjaskra.is. CET.L.A.2021.0002.01.

Desloratadine Alvogen

Desloratadine Alvogen er andhistamín lyf og inniheldur virka efnið deslóratadín (5 mg). Það dregur úr einkennum ofnæmiskvefs og ofsakláða. Desloratadine Alvogen eru munndreifitöflur sem leysast upp í munninum. Taka skal eina töflu á dag á meðan einkenna er vart eða yfir sumartímann. Deslóratadín kemst ekki yfir í miðtaugakerfið og getur því ekki haft slævandi áhrif. Hjá sjúklingum með ofnæmisnefkvef hefur deslóratadín reynst árangursríkt við að draga úr einkennum eins og hnerra, nefrennsli og kláða, ásamt augnkláða, tárarennsli og roða í augum og kláða í efri gómi. Hægt er að fá Desloratadine Alvogen bæði í 30 og 100 stk. pakkningu í lausasölu.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfjanna. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfin á www.serlyfjaskra.is. DES.L.A.2021.0010.01.

Kalmente

Kalmente er steranefúði sem inniheldur sterann mómetasónfúróat (50 míkróg/skammt). Kalmente nefúði er ætlaður til meðferðar við einkennum árstíðabundins ofnæmiskvefs eða stöðugs ofnæmiskvefs hjá fullorðnum. Mómetasonfúróat hamlar losun efna sem leysa ofnæmisviðbrögð úr læðingi og vinnur þannig gegn ofnæmi. Nota skal Kalmente einu sinni á sólarhring. Venjulegur ráðlagður skammtur er tveir úðaskammtar í hvora nös einu sinni á sólarhring. Þegar sjúkdómseinkennin hafa lagast má minnka skammtinn í einn úðaskammt í hvora nös einu sinni á sólarhring til að viðhalda meðferðinni. Það getur tekið nokkra daga fyrir fulla verkun af lyfinu að nást.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfjanna. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfin á www.serlyfjaskra.is. KAL.L.A.2021.0007.01.

Nasofan

Nasofan er steranefúði sem inniheldur sterann flútíkasónprópíónat (50 míkróg/skammt). Nasofan nefúði er ætlaður til meðferðar við árstíðabundnu ofnæmiskvefi. Nasofan hefur hamlandi áhrif á ýmis efni sem valda ofnæmisviðbragði. Ráðlagður skammtur er tveir úðaskammtar í hvora nös einu sinni á dag, helst að morgni. Í sumum tilfellum getur verið nauðsynlegt að nota tvo úðaskammta í hvora nös tvisvar á dag. Þegar stjórn hefur náðst á einkennum má nota viðhaldsskammt, sem er einn úðaskammtur í hvora nös einu sinni á dag. Ef einkenni koma fram að nýju má auka skammt í samræmi við það. Fullur ávinningur af meðferð með Nasofan nefúða næst oft ekki fyrr en lyfið hefur verið notað í nokkra daga.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfjanna. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfin á www.serlyfjaskra.is. NAS.L.A.2021.0002.01.



Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

EKKI LÁTA BITVARGINN ERGJA ÞIG Í SUMAR!

Ljúffeng regnbogakaka sem krakkarnir elska

Á sumrin er upplagt að brydda upp á sumarlegum og litríkum kökum fyrir yngri kynslóðina og hér er ein úr smiðju Berglindar Hreiðars, köku- og matarbloggara með meiru, sem heldur úti bloggsíðunni Gotterí og gersemar, www.gotteri.is.

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Berglind er einstaklega lagin við að töfra yngri kynslóðina upp úr skónum, með sínum litríku og frumlegu nammikökum. Þessi er engin undantekning. „Hér er á ferðinni klassísk vanillukaka og ég notaði grunnuppskrift af vanilluköku frá Courtney sem er með Cake By Courtney og er ein mín uppáhalds. Síðan lék ég mér að lita deigið og dúllast aðeins í þessu til að úr yrði regnbogakaka í stíl við hlaupkarlana," segir Berglind og lætur hugmyndaflugið ráða för við skreytingarnar.

„Stelpurnar mínar elska Sour Patch Kids nammið og stukku hæð sína þegar það kom til Íslands eftir að hafa keypt það reglulega þegar við bjuggum í Bandaríkjunum. Þessa köku ættu allir að ráða við að gera og því get ég lofað að börn munu hoppa hæð sína þegar þau sjá hana."

Það er líka í góðu lagi að baka sína eigin vanillubotna eftir smekk.

Falleg, sumarleg kaka sem sómir sér vel í öllum barnaafmælum.

Berglind segir að kakan sé auðveld í vinnslu og veki alltaf

Regnbogakaka er auðvitað í fallegum litum.

Sour Patch Kids regnbogakaka
Vanillubotnar

430 g hveiti
1 msk. lyftiduft
1 tsk. salt
280 g smjör við stofuhita
440 g sykur
7 eggjahvítur við stofuhita
1 msk. vanilludropar
300 ml „Buttermilk" (kreistið 1 matskeið af sítrónusafa í nýmjólk)
150 g sýrður rjómi við stofuhita

Hitið ofninn í 170°C og takið til 5 x 15 cm kökuform. Klippið smjörpappír í botninn og úðið vel með matarolíuúða að innan.Blandið hveiti, lyftidufti og salti saman í skál, geymið. Þeytið saman smjör og sykur þar til það er létt og ljóst. Bætið þá eggjahvítunum saman við, í nokkrum hlutum og skafið niður á milli.Næst fara vanilludroparnir saman við og síðan hveitiblandan og „buttermilk" til skiptis. Hrærið á lágum hraða og skafið síðan niður og blandið í nokkrar sekúndur aftur. Blandið að lokum sýrða rjómanum varlega saman við. Skiptið deiginu niður í 5 skálar og litið með gulu, appelsínugulu, rauðu, grænu og bláu. Setjið í formin og bakið í um 25-30 mínútur, eða þar til prjónn kemur hreinn út.Kælið áður en þið útbúið kremið og setjið kökuna saman.

Krem og skreyting

300 g smjör við stofuhita
950 g flórsykur
220 ml rjómi
¼ tsk. salt
3 tsk. vanilludropar
6-7 pokar Sour Patch Kids hlaup.
Marglitt kökuskraut

Þeytið smjörið þar til það er létt. Bætið þá flórsykri og rjóma saman við til skiptis, skafið niður á milli og þeytið vel. Setjið að lokum salt og vanilludropa saman við og þeytið aðeins til viðbótar.Setjið um 5 matskeiðar af kremi í senn í skál og litið í sama lit og botnarnir. Ég byrjaði á bláa botninum og setti bláa kremið ofan á, gott er að kremið sé um 1 cm að þykkt.Síðan má setja græna ofan á, gera grænt krem og þannig koll af kolli. Að lokum fer guli botninn ofan á og þá má lita alla restina af kreminu gult og grunnhjúpa kökuna með þunnu lagi af kremi. Eftir um 30 mínútur má síðan setja næsta lag af kremi á kökuna og gott að hafa það um ½-1 cm á þykkt. Sléttið hliðarnar og toppinn eftir fremsta megni og raðið síðan Sour Patch Kids hlaupi á hliðarnar eins og myndin sýnir. Alltaf tveir og tveir eins, hlið við hlið og vinnið þetta lóðrétt, alltaf ein lína alveg upp. Síðan rúlla litirnir alltaf niður þannig að „ombre" mynstur komi á hlaupkarlana. Þegar búið er að þekja kökuna með Sour Patch Kids má setja restina af kreminu í sprautupoka með stórum stjörnustút (ég notaði 2 D frá Wilton). Sprautið 8 jafna toppa ofan á kökuna við kantana, stráið kökuskrauti ofan á þá og í miðjuna og setjið Sour Patch Kids hlaupkarla á milli toppanna. Einnig er hægt að raða hlaupkörlunum fyrst og sprauta síðan toppana og skreyta með kökuskrautinu. ■



Berglind Hreiðarsdóttir er einstaklega lagin þegar bakstur er annars vegar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Stelpurnar mínar elska Sour Patch Kids nammið og stukku hæð sína þegar það kom til Íslands eftir að hafa keypt það reglulega þegar við bjuggum í Bandaríkjunum.**

Brandenburg | SÍA
FRÉTTABLAÐIÐ
35% LANDSMANNA*
FÁ SÉR REGLULEGA SKYNDIBITA
49% LESA** FRÉTTABLAÐIÐ
ERT ÞÚ AÐ NÁ TIL RÉTTA FÓLKSINS?
Með því að auglýsa í Fréttablaðinu og
á frettabladid.is nærðu til rétta fólksins.
FRÉTTABLAÐIÐ
* Skv. Neyslukönnun Gallup. ** Íbúar á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 35–65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali, skv. prentmælingum Gallup.

Mikil lífsgæði sem fylgja því að vera í formi

Einar Ásgeirsson tekur inn blöndurnar Kollagen og Liði frá Protis. Hann er alsæll með árangurinn og segir vörurnar gera sér kleift að stunda hreyfingu án verkja.

Einar Ásgeirsson segist mun fljótari að ná sér eftir hreyfingu þegar hann tekur inn bæði Kollagen og Liði frá Protis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Áður en Einar hóf inntöku á Kollageni og Liðum var hann farinn að finna fyrir verkjum sem voru farnir að hafa neikvæð áhrif á getu hans til að hreyfa sig og þar af leiðandi á lífsgæði hans.

„Ég var með liðverki í öxlum og hnjám, svona eins og gengur og gerist en svo var ég líka sárþjáður af vefja- og vöðvaverkjum. Ég var farinn að ímynda mér að ég væri kominn með vefjagigt eða eitthvað í þeim dúr.“

Einar segir kynni sín af vörunum hafa verið hálfgerða tilviljun. „Ég var búinn að prófa ýmislegt og prófaði þetta af rælni. Þetta reyndist síðan virka svona rosalega vel. Ég er orðinn mjög góður í dag.“

Áþreifanlegur munur

Einar er búinn að nota vörurnar í tæp tvö ár og hafa komið upp tímabil þar sem hann hefur ekki tekið þær inn. „Ég er búinn að prófa að sleppa þessu og þá fer ekkert á milli mála hvað þetta virkar vel. Ég hef svo fundið áþreifanlegan mun þegar ég byrja aftur.“

Þá hefur hann enn fremur reynslu af því að taka inn bara aðra hvora vöruna og þær saman. „Ég hef líka bara átt Liði eða bara átt Kollagen en ég finn að þetta virkar ennþá betur saman. Þetta er frábær blanda. Ég þarf að taka þetta með mat til að styðja við upptökuna þannig að ég tek þetta með sjúss af ólífuolíu,“ segir Einar og hlær.

Einar hefur einnig prófað aðrar sambærilegar vörur, bæði erlendar og innlendar, og segir hann Protis hafa reynst sér best. „Þetta erlenda virkaði ekki neitt og þetta innlenda virkaði ágætlega en var bara alltof dýrt.“

Eins og þegar maður var yngri

Einar stundar ýmsa hreyfingu sér til ánægju og segir blöndurnar nú orðnar ómissandi. „Ef ég ætla að vera góður, njóta lífsins og geta hreyft mig þá finnst mér algjört lykilatriði að taka þetta inn. Þetta styður alla hreyfingu, hvort sem það er skokk, hlaup eða ganga á fell og fjöll.“

Einar segir ávinninginn ekki síst felast í því hversu jákvæð áhrif þetta hafi á endurheimt vöðva þegar búið er að taka á því. „Þetta verður svolítið eins og þegar maður var yngri og fékk ekki harðsperrur eða annað vesen. Líðanin batnar og þá er auðveldara að virkja sig betur í hreyfingu. Þannig kemur þetta allt.“

Einar mælir heilshugar með vörunum. „Ég hugsaði með mér hvort maður ætti nokkuð að vera að tjá sig en síðan er ég alltaf að lesa um fólk sem þjáist til dæmis af vefjagigt og ef það getur lagað

> **Ef ég ætla að vera góður, njóta lífsins og geta hreyft mig þá finnst mér algjört lykilatriði að taka þetta inn.**

það með þessu í staðinn fyrir að þjást, þá væri algjör synd að koma því ekki á framfæri. Mér er því ljúft og skylt að deila þessu með fólki ef þetta skyldi vera eitthvað sem gæti hjálpað þeim,“ segir Einar.

„Ég hélt að ég væri kominn með vefjagigt en það lagaðist eftir að ég fór að taka þetta inn. Það eru svo mikil lífsgæði sem fylgja því að vera í formi.“

Verndar liði, bein og brjósk

Protis Liðir er unnið úr kollagenríkum skrápi sæbjúgna með viðbættu vatnsrofnu þorskprótíni fyrir viðhald vöðva og túrmeriki fyrir bólgueyðandi áhrif. Blandan inniheldur einnig mangan og nauðsynleg vítamín fyrir heilbrigð bein, brjósk og liðvökva.

Fyrir húð, hár og neglur

Kollagen frá Protis er einstök blanda úr hágæða innihaldsefnum sem styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. Kollagenið er framleitt úr íslensku fiskroði og inniheldur einstakt innihaldsefni – SeaCol, sem er blanda af vatnsrofnu kollageni úr íslensku fiskroði og vatnsrofnu þorskprótíni úr íslenskum þorski. SeaCol tekur þátt í að styrkja vefi líkamans og viðhalda teygjanleika. Einnig er sérvalin blanda af vítamínum og steinefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. ■

Protis Liðir og Protis Kollagen fæst í flestum matvöruverslunum, apótekum og Heilsuhúsinu.

Minnsta og sætasta bakarí landsins

sjofn@frettabladid.is

María Gomez, matar- og lífstílsbloggari, með meiru hefur adeilis smitað út frá sér til barnanna og það sýndi sig um helgina þegar ilmurinn af bakkelsinu hennar Maríu teygði sig út um götur í Garðabænum.

Syni Maríu, Reyni Leo, sem einungis er 8 ára hafði dreymt um það síðan í vetur að fá að smíða kofa á smíðanámskeiði skáta í sumar og gera úr honum bakarí. „Auðvitað gladdi það bloggaramömmuna mikið að sonurinn deildi áhugamáli hennar í bakstrinum og ákvað ég því strax að ég myndi hjálpa honum að láta þennan langþráða draum sinn rætast,“ segir María.

Elskuðu að vera búðarfólk

Kofinn var kominn í hús og nú var ekkert eftir nema að henda í nokkrar góðar uppskriftir sem teknar voru af bloggsíðu móðurinnar. „Dagurinn var yndislegur, fjölmargir mættu og voru langar raðir allan tímann. Bakkelsið kláraðist fyrr en vonast var til og þurftu því nokkrir að hörfa frá tómhentir, því miður, þrátt fyrir mikið magn sem var í boði,“ segir María. „Fólk er svo yndislegt að sýna samhug og styðja við draum lítils drengs og gera sér ferð til að taka þátt og kaupa af honum og systkinum hans sem stóðu vaktina og elskuðu að fá að vera búðarfólk í einn dag.

Börnin voru búin að leggja á sig ómælda vinnu fyrir þennan dag,

Baksturinn var vel heppnaður enda kláraðist allt saman.

Ekki amalegt að kaupa bakkelsi í minnsta bakarii landsins.

bræðurnir smíðuðu saman kofann á smíðanámskeiði Vífils og búið er að sitja við og perla til að skreyta kofann, negla og smíða enn meira til að laga kofann og allt þeirra líf hefur snúist um þetta síðustu daga, gleðin og spennan var því mikil og var stóri dagurinn hreint út sagt dásamlegur.“

Bakkelsi og kræsingar fyrir alla

Boðið var upp á Brauð og Co snúða replicu, djúsí pizzasnúða, gömlu góðu skúffukökuna með glassúr og kókos, mjúkar Pretzel saltkringlur, Oreo- og súkkulaðibitasmákökur og æðislega hafraklatta. „Margir höfðu orð á því hversu gaman væri að sjá börn framkvæma óskir sínar. Þetta minnti fólk á hvernig börn léku sér í gamla daga þegar haldnar voru tombólur fyrir tíma tölvuleikja. Börnin voru alsæl og útkeyrð eftir daginn og erum við foreldrarnir þakklát fyrir allt það yndislega fólk sem gaf sér tíma til að koma og taka þátt í draumnum.“

Systkinin kát með litla bakaríið sitt. MYNDIR/AÐSENDAR

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

BÍLA GALLERÍ

VANTAR BÍLA Á SKRÁ
OG Á STAÐINN !
MIKIL OG GÓÐ BÍLASALA !
LÖGGILTUR BIFREIÐASALI !
VERIÐ VELKOMIN !
BÍLAGALLERÍ

Bílagalleri bílasala
Smiðjuvegi 3, 200 Kópavogur
Sími: 554 6700
www.bilagalleri.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Ábendingahnappinn
má finna á
BARNAHEILL.IS

Bátar

VEIÐIPORTID
Grandagarður 3 • S: 552-9940
5hp. Tvígengis
159.000.kr
SAIL
Gerið verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Garðyrkja

Almenn garðvinna, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

Málarar

MÁLNINGARVINNA.
Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar málari s: 832-6017.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is
Hljómborð á tilboði
Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Atvinna

Sölumaður
Sauna.is óskar eftir að ráða sölumann vegna ört vaxandi verkefna.

Um er að ræða mjög áhugavert, fjölbreytt starf sem felst í þjónustu við skemmtilegan hóp viðskiptavina. Starfið felst í almennri sölumennsku, tilboðsgerð og teikningu verkefna, aðstoð við lagerstörf, móttöku og afhendingu vara og ýmsu tilfallandi.

Hæfniskröfur:
- Mikil þjónustulund, þokkaleg enskukunnátta og almenn tölvukunnátta eru skilyrði.
- Þekking á einföld teikniforrit og reynsla af sölumennsku er kostur.
- Snyrtimennska, heiðarleiki og góð framkoma eru mikilvægir þættir.

Ef þú hefur áhuga á fjölbreyttu starfi á góðum vinnustað er þetta tækifæri fyrir þig. Nánari upplýsingar má fá hjá Páli í síma 860-4460.

Vinsamlega sendið umsóknir á netfangið pall@sauna.is **fyrir 1. ágúst.**

SAUNA SPA
Fjárfesting í vellíðan

Tilkynningar

Tillaga að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti þann 26. nóv. 2020 að auglýsa tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035, ásamt umhverfisskýrslu skv. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Í tillögu felst m.a. endurskoðun á framboði íbúðarhúsnæðis og atvinnusvæða í sveitarfélaginu, mörkuð er stefna um landbúnaðarsvæðin, ferðaþjónustu, innviði, efnistöku, ný vatnsverndarsvæði og náttúru- og minjavernd. Aðalskipulagið er mikilvægur þáttur í að vinna að sterkum Skagafirði.

Í tillögu er gerð grein fyrir forsendum, útfærslum, heimildum og takmörkunum og umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 105/2006. Skipulagsgögnin verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins *skagafjordur.is,* í Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b.

Ábendingum og athugasemdum við tillögu að aðalskipulagi skal senda til skipulagsfulltrúa á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is. Einnig er hægt að senda athugasemdir merktar *Aðalskipulag Skagafjarðar* á póstfangið, Sveitarfélagið Skagafjörður, í Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til mánudagsins 13. september 2021.

Skipulagsfulltrúi Skagafjarðar

Allt fyrir veitingahús- atvinnueldhús og kaffihús

MINNUM Á 20% AFSLÁTT Á ÖLLUM VÖRUM Í NETVERSLUN





VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is
STÓRELDHÚS FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS
www.verslun.is
Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is
Taktik 5734 #

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Útboð

Skv
SKAGAFJARÐARVEITUR

Útboð

Skagafjarðarveitur óska eftir tilboðum í verkið
Skagafjörður ljósleiðari 2021
Um er að ræða 4 svæði í Skagafirði.

1. Vatnsskarð, lögn ljósleiðara	14,5 km.	9 tengistaðir
2. Skagi, lögn ljósleiðara	36,9 km.	23 tengistaðir
3. Hjaltadalur, lögn ljósleiðara	30,9 km.	26 tengistaðir
4. Deildardalur, lögn ljósleiðara	10,1 km.	10 tengistaðir

Verkinu skal lokið fyrir 31. desember 2021.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt hjá Stoð ehf. verkfræðistofu Aðalgötu 21 Sauðárkróki frá og með miðvikudeginum 14. júlí. stod@stodehf.is

Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Skagafjarðarveitna ehf. Borgarteigi 15 Sauðárkróki, **kl. 11.00 fimmtudaginn 29. júlí 2021.**

Skagafjarðarveitur

Tilkynningar

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Svæðisskipulag

1. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt lýsing svæðisskipulags fyrir suðurhálendið.
Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðurhálendis vinnur nú að gerð nýs svæðisskipulags fyrir Suðurhálendið sem nær til eftirtalinna sveitarfélaga: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, og Grímsnes- og Grafningshreppur. Auk þessara taka sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg þátt í verkefninu.

Í samræmi við 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal samvinnunefnd sem vinnur að gerð nýs svæðisskipulags „… taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hefur við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum".

Skipulagslýsing þessi ásamt fylgigögnum liggur nú fyrir og geta þeir sem áhuga hafa á kynnt sér hana á heimsíðu verkefnisins, www.sass.is/sudurhalendi

Þeir sem vilja koma með ábendingar eða athugasemdir um fyrirliggjandi gögn eða efni skipulagslýsingar geta skilað þeim til svæðisskipulagsnefndar á netfangið sudurhalendi@sass.is

Auglýsing vegna lýsingar var birt á heimasíðu SASS þann 2. júlí 20221.
Frestur til athugasemda er gefinn til og með 15. ágúst nk.

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana :

2. Skollagróf, L166828 – Efnistaka – Aðalskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 24. júní 2021 að kynna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felst að landbúnaðarland á lóð Eyjarlands er breytt í iðnaðarsvæði til samræmis við núverandi notkun lóðarinnar. Á lóðinni er starfrækt seiðaeldisstöð með framleiðslugetu fyrir um 20 tonn af seiðum.

3. Skálholt L167166 – Aðalskipulagsbreyting – Úr landbúnaðarsvæði í skógræktarsvæði
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 6. maí 2021 að kynna skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins að Skálholti. Í breytingunni felst breytt landnotkun á landbúnaðarlandi í skógrækt innan jarðarinnar.

4. Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykki á fundi sínum þann 7. júlí 2021 að auglýsa til kynningar heildar endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 . Framlögð gögn til kynningar er greinargerð aðalskipulags, forsendu- og umhverfisskýrsla, sveitarfélagsuppdráttur, uppdráttur af Grímsnesafrétti og þéttbýlisuppdrættir ásamt skýringauppdráttum sem taka til vega í náttúru Íslands, flokkun landbúnaðarlands, vistgerðarkorta, verndarsvæða og minja. Kynningargögn má nálgast rafrænt á meðfylgjandi hlekk og á heimasíðu UTU og sveitarfélagsins.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

5. Hamar land 2, 212450 – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundum sínum þann 6. júlí 2021 að kynna tillögu að deiliskipulagi sem tekur til Hamars land 2. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á byggingarheimildum innan lands Hamars 2 þar sem gert er ráð fyrir núverandi aðstöðuhúsi, tveimur reið- / vélaskemmum allt að 800 fm, tveimur einbýlishúsum með bílskúr allt að 200 fm, auk fjögurra gestahúsa allt að 50 fm. Heildarstærð landsins er um 110 ha.

6. Skógsnes 2, L229833 og Lauftún, L230656 – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundum sínum þann 6. júlí 2021 að kynna tillögu að deiliskipulagi sem tekur til Skógsness 2 og Lauftúns úr landi Skógsness í Flóahreppi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á hvorum stað rísi íbúðarhús, gestahús, reiðhöll-/skemma og vélaskemma. Hvort land fyrir sig er um 60 ha.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

7. Efra-Langholt L166738 – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag í landi Efra- Langholts. Í deiliskipulaginu felst skipulagning 10 frístundalóða sem eru hver um 1 ha að stærð.

8. Efri-Kisubotnar Hrunamannaafrétti – Fjallaskáli – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Efri-Kisubotna á Hrunamannaafrétti skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um rúmlega 4 ha lóð. Innan hennar er núverandi hús. Heimilt er að byggja allt að 150 fm hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu. Gerð verður grein fyrir fráveitu og vatnsbóli.
Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

9. Svínárnes Hrunamannaafrétti – Fjallaskáli – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Svínárnes á Hrunamannaafrétti skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.
Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 9 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Heimilt er að stækka/fjölga húsum fyrir gistingu, veitingasölu og vera með tjaldsvæði. Hámarks byggingamagn á svæðinu verður allt að 950 fm. Heimilt er að vera með gistingu fyrir 85 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem skálasvæði á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

10. Fosslækur Hrunamannaafrétti – Fjallaskáli – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Fosslækjar á Hrunamannaafrétti skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.
Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar á um 14 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból og vatnsleiðsla frá því að húsunum. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 fm og byggja nýtt hús allt að 100fm. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti.
Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

11. Grákollur Hrunamannaafrétti – Fjallaskáli – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Grákolls á Hrunamannaafrétti skv. 1.mgr. 41 .gr. skipulagslaga nr.123/2010.
Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 8 ha lóð. Heimilt er að byggja allt að 150 fm hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

12. Miklöldubotnar Hrunamannaafrétti; Fjallaskáli; Deiliskipulag
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Mikluöldubotna á Hrunamannaafrétti skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.
Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar á um 5 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki og gerði fyrir fé/hross. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 fm og byggja nýtt hús allt að 100 fm. Gisting verður fyrir allt að 30 gesti.
Einnig er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli.
Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingarog ferðamannasvæði.

13. Helgaskáli Hrunamannaafrétti – Fjallaskáli – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Helgaskála á Hrunamannaafrétti skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 15 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði, vatnsból og fráveita. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 fm og byggja nýtt hús allt að 100 fm. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 fm. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

14. Heiðará Hrunamannaafrétti – Fjallaskáli – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Heiðará á Hrunamannaafrétti skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 7 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Staðurinn er hugsaður sem áningarstaður á göngu- og reiðleið með Stóru-Laxá. Ekki er gisting á staðnum. Heimilar eru endurbætur/viðhald á núverandi mannvirki. Þá er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

15. Leppistungur L166846 – Fjallaskáli – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Leppistungna á Hrunamannaafrétti skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til um 5 ha svæðis. Á staðnum er 70 fm hús sem byggt var árið 1987. Einnig er þar gamalt leitarmannahús. Þessi hús eru notuð sem leitar-mannahús og fyrir ferðafólk á sumrin. Einnig er á staðnum 36 fm hesthús og hestagerði við það. Gisting er fyrir um 24 gesti. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannaafrétt. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps. Starfsemi er aðallega yfir sumartímann. Innan lóðar/afmörkunar svæðis eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból. Heimilt verður að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 fm og byggja nýtt hús allt að 100fm. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 fm. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

16. Reykjabakki L166812, Reykjalaut – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu í landi Reykjabakka. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining
byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi og landbúnaðarhúsnæði.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni **http://www.utu.is** .
Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna:
https://www.asahreppur.is/ , https://www.blaskogabyggd.is/ , https://www.floahreppur.is/, https://www.fludir.is/, https://www.gogg.is/ og https://www.skeidgnup.is/
Svæðisskipulag fyrir suðurhálendið, mál nr. 1 er kynnt með athugasemdafrest til 15. Ágúst. Aðalskipulagsbreytingar mál nr. 2, 3 og 4 er kynnt frá 14. 7. 2021 til og með 6. 8. 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 6. 8. 2021. Deiliskipulagstillögur í lið 5 og 6 eru kynntar frá 14. 7. 2021 til og með 6. 8. 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 6. 7. 2021. Deiliskipulagsmál í liðum 7 – 16 eru auglýst með athugasemdafresti frá 14. 7. 2021 til og með 27. 8. 2021. Athugasemdir og ábendingar við auglýst skipulagsmál skulu berast eigi síðar en 27. 8. 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Skrifstofa Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. mun loka í tvær vikur í sumar, frá 26. júlí til og með 6. ágúst 2021, vegna sumarleyfa starfsfólks. Við opnum síðan aftur mánudaginn 9. ágúst, hress og endurnærð.

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Faraldurinn skall á rétt eftir kaupin á Terra Nova

Nordic Visitor gekk frá kaupum á ferðaskrifstofunni Terra Nova Sól af Arion banka í febrúar 2020. Terra Nova var hluti af TravelCo sem stofnað var í kjölfar gjaldþrots Primera Travel Group, sem Arion banki tók yfir í júní 2018. Terra Nova Sól sérhæfir sig að mestu í þjónustu við erlenda ferðaskipuleggjendur sem selja ferðir hingað til lands.

„Þegar við gerðum tilboð í Terra Nova þá var kórónuveiran ekki inni í myndinni. En síðan þegar allir pappírarnir voru tilbúnir var farið að bera á fréttum um skæðan vírus í Kína. Ég man eftir að hafa setið við borð hátt upp í turninum á Höfðatorgi, horft yfir samninginn og sagt upphátt: „Jæja, það getur vel verið að þetta verði versti díll sem ég hef gert á ævinni ef þessi vírus í Kína kemur til landsins. Það var hlegið og ég skrifaði undir," segir Ásberg.

„Ég var meðvitaður um að þessi veira gæti valdið vandræðum, enda búinn að reka ferðaþjónustufyrirtæki í gegnum fuglaflensu, svínaflensu, efnahagshrun, eldgos og ég veit ekki hvað og hvað. Þessi veira yrði bara enn ein hindrunin," bætir Ásberg við. Hann var þó sannfærður um að Nordic Visitor gæti bætt rekstur Terra Nova heilmikið og því kom ekki til greina að hverfa frá kaupunum.

„Við sjáum ekki eftir því í dag þegar allt er að fara í aftur í gang. Auðvitað var svekkjandi að kaupa félag og sjá tekjurnar fara niður um 80 prósent á fyrsta ári en samningurinn var vel fjármagnaður."

> Við erum við mjög áhugasöm um að taka yfir sambærilegan rekstur í Skandinavíu eða Bretlandi á næstu misserum.

> Vinna þarf að heildarlausn með aðkomu banka, ríkisins, ferðaþjónustunnar og leigusala. Höggið má ekki alfarið lenda á ferðaþjónustunni.

fá 26,1 prósents eignarhlut í sameinuðu félagi.

„Þetta er í fyrsta sinn sem utanaðkomandi fjárfestar koma með innspýtingu í félagið. Við höfum kynnst þeim ágætlega og það skiptir máli að vinna með fólki sem maður getur treyst. Ég hef trú á þeim og þeir virðast hafa trú á okkur."

Spurður hvort hann hafi skráningu Nordic Visitor á hlutabréfamarkað á bak við eyrað svarar Ásberg neitandi.

„Það er ekki útilokað að móðurfélagið verði skráð á markað í framtíðinni en það er ekki sú vegferð sem við erum á núna. Aftur á móti erum við mjög áhugasöm um að taka yfir sambærilegan rekstur í Skandinavíu eða Bretlandi á næstu misserum."

Uppselt í hverri brottför

Velta Nordic Visitor árið 2019 nam um 4,1 milljarði króna, velta Terra Nova um 1,8 milljarði króna og velta Iceland Travel um 8,5 milljörðum króna. Samanlögð velta fyrirtækjanna á árinu 2019 var því um 14,4 milljarðar króna. Af íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum voru einungis Icelandair og Bláa lónið með meiri tekjur.

Aðspurður segir Ásberg raunhæft að umsvif samstæðunnar verði komin í eðlilegt horf árið 2023. Áætlanir hans gera ráð fyrir 12 milljarða króna veltu á næsta ári og 15 milljarða króna veltu árið 2023.

Á þessu ári er hins vegar útlit fyrir að velta samstæðunnar verði um 7 milljarðar króna og að sögn Ásbergs verður afkoman góð miðað við aðstæður. „Það hefur verið rífandi gangur í bókunum á síðustu vikum eftir að Evrópumarkaðurinn tók við sér. Nordic Visitor er að ná allt að 75 prósentum af þeirri veltu sem félagið var með árið 2019, þrátt fyrir að nánast engir ferðamenn hafi komið fyrstu fimm mánuði ársins," segir Ásberg.

Gott gengi Nordic Visitor á síðustu mánuðum helgast meðal annars af því að fyrirtækið viðhélt stórum hluta af framboði sínu á hópferðum á Íslandi fyrir árið 2021 á meðan margir keppinautar drógu verulega úr framboði ferða.

„Það var áhætta fólgin í því en ég hafði trú á því að hópferðir myndu taka við sér hraðar en margir héldu. Sem dæmi þá hefur verið uppselt í nánast hverri einustu brottför á okkar vegum og núna erum við að bæta við ferðum inn í veturinn vegna þess að það er nánast uppselt út nóvember," segir Ásberg.

Þá skipti einnig máli að nýta tímann vel á meðan umsvif voru í lágmarki.

„Um leið og ljóst var að Nordic Visitor hefði fjármagn til þess að þola lítil umsvif í talsverðan tíma var tekin ákvörðun um að halda hærra hlutfalli af starfsmönnum en flestir aðrir gerðu. Við nýttum tímann í verkefnavinnu og erum að koma sterk út úr þessari kreppu."

Skuldastaða greinarinnar ósjálfbær

Tekjulaus ferðaþjónusta komst í gegnum kórónukreppuna með hjálp ríkissjóðs, sem veitti ýmiss konar styrki og frestun á greiðslu opinberra gjalda, og síðan banka, sem veittu greiðslufresti á lánum. Í mörgum tilfellum renna greiðslufrestir hjá bönkum út í haust, en Ásberg telur líklegt að greiðslufrestir verði framlengdir til haustsins 2022.

„Það kemur að skuldadögum. Á einhverjum tímapunkti þurfa fyrirtækin að byrja að greiða af lánum og þá þarf að eiga sér stað leiðrétting á markaðinum. Skuldastaðan í greininni er ósjálfbær," segir Ásberg.

„Bankarnir hafa ekki hag af því að ganga að veðum sínum vegna þess að þá fá þeir holskeflu af fyrirtækjum í fangið. Þess vegna þarf að vinna að heildarlausn með aðkomu banka, ríkisins, ferðaþjónustunnar og leigusala. Höggið má ekki alfarið lenda á ferðaþjónustunni," bætir hann við. Ef ekki verði bætt úr skuldastöðu ferðaþjónustunnar muni greinin eiga erfitt með að ná sér á strik.

„Ef ríkið vill miklar skatttekjur til lengri tíma og ef bankarnir vilja ekki fá fyrirtækin í fangið þá held ég að það sé æskilegt að menn taki samtalið og reyni að finna langtímalausn. Nú þarf að tryggja að rekstrarumhverfið sé þannig að fyrirtækin geti náð fyrri styrk. Það má ekki gleyma því að þótt ferðamennirnir séu byrjaðir að streyma aftur til landsins er fjöldi þeirra innan við helmingur af því sem áður var. Flest ferðaþjónustufyrirtæki verða rekin með tapi á þessu ári sem bætist við gríðarlegt tap á síðasta ári. Verkefnið er ekki búið"

Eigum við von á fleiri stórum samrunum í ferðaþjónustu?

„Það kemur sumum á óvart hversu lítið hefur verið um samruna í ferðaþjónustu í þessu ástandi. Ég held að það muni færast í aukana í vetur. Frá því að kórónuveiran kom til landsins hafa atvinnurekendur í greininni einblínt á að komast í gegnum þetta ástand og forðast að selja fyrirtæki á brunaútsölu. Það er seigla í fólki í ferðaþjónustu," segir Ásberg.

Gríðarlegt álag eftir langan dvala

Slæm fjárhagsstaða fyrirtækja, einkum skortur á lausafé, endurspeglast í því að þau eiga erfitt með að anna eftirspurn ferðamanna.

„Það má segja að það sé umframeftirspurn eftir því að ferðast til Íslands, sem virðiskeðjan nær ekki að anna. Það vantar bílaleigubíla, erfiðlega gengur að ráða starfsfólk og ekki er hægt að skipuleggja stórar hópferðir með skömmum fyrirvara. Mörg fyrirtæki eru löskuð og eiga erfitt með að koma sér í gang," segir Ásberg.

Í eðlilegu árferði berast bókanir frá október og út apríl, og síðan fer reksturinn á fullt yfir sumarið. Nú berast bókanir með stuttum fyrirvara á sama tíma og framkvæma þarf ferðirnar.

„Allt tekur lengri tíma. Það er töf á svörum frá birgjum, flug frestast, og fólk er pínu ryðgað eftir langt tímabil í dvala. Það er gríðarlegt álag á starfsfólki í greininni þessa dagana," segir Ásberg.

„Það er frábært að eftirspurnin sé að rjúka upp en á sama tíma er mjög erfitt að keyra hlutina svona hratt af stað," bætir hann við. „Í svona ástandi verða mistök algengari og þá er hættan sú að gæði þjónustunnar verði ekki með sama hætti og þau ættu að vera."

Samkeppnin að mestu erlendis

Í samrunaskrá sem Nordic Visitor og Iceland Travel sendu Samkeppniseftirlitinu vegna samrunans kom fram að samanlögð markaðshlutdeild fyrirtækjanna í veltu ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og bókunarþjónustu á Íslandi væri um 18 prósent.

„Ef maður horfir á starfsemi eins og okkar þá er samkeppnin að mestu leyti erlendis," útskýrir Ásberg.

„Megnið af ferðum til Íslands eru seldar gegnum erlendar síður eins og Booking og Expedia og stórar alþjóðlegar ferðaskrifstofur sem geta varið gríðarlegum fjármunum í upplýsingatækni og markaðssetningu. Til þess að geta keppt við alþjóðleg fyrirtæki og halda störfum þurfa íslensku fyrirtækin að hafa fjárhagslega burði til að geta fjárfest í innviðum."

„Að því leyti er þessi samruni mjög jákvæður fyrir íslenska ferðaþjónustu," bætir hann við. „Við þekkjum markaðinn, greiðum skatta og gjöld á Íslandi og viljum halda starfseminni sem mest hér á landi." ■

Skotsilfur

Ristir grunnt

Birna Einarsdóttir
bankastjóri Íslandsbanka.

Miðað við væntingar um framtíðararðsemi Íslandsbanka þá var eignarhlutur ríkissjóðs í bankanum seldur á nánast sama verði og ætla mætti með hliðsjón af markaðsvirði fjölda annarra banka í Evrópu sem eru að skila sambærilegri arðsemi. Meintur afsláttur, eins og fram kemur í samantekt Markaðarins, nam aðeins 2 prósentum miðað við evrópska banka og 6,5 prósentum miðað við norræna. Ólíklegt er að þeir sem hafa farið mikinn um undirverðlagningu bankans hafi gert ítarlega greiningu á verðinu. Þeir sáu einfaldlega bréfin hækka og nýttu tækifærið til þess að koma höggi á stjórnvöld. Greiningin risti ekki dýpra en það. En þess eðlis er pólitíkin. Ásýndin vegur þyngra en staðreyndir. ■

Fjárfestar sallarólegir

Stefán Gunnarsson
framkvæmdastjóri Solid Clouds.

Það var kærkomið að fá metnaðarfullt sprotafyrirtæki, Solid Clouds, á First North markað Kauphallarinnar. Vonandi munu fleiri áhugaverð fyrirtæki fylgja í kjölfarið. Þrátt fyrir ríkandi stemningu á hlutabréfamarkaði og umframeftirspurn eftir bréfum í hlutafjárútboði tölvuleikjaframleiðandans, hefur gengið lækkað um 19 prósent frá skráningu. Það er svo sem ekkert til að hafa áhyggjur af, að svo stöddu, því markaðsvirðið mun ráðast af því hvort næsti leikur slái í gegn eða ekki. Það má þó segja fjárfestum til hróss að þegar skortur er á fjárfestingarkostum og vextir lágir að gengi sprotans hafi ekki skotist upp eftir skráningu. Enda er gríðarleg óvissa um hvernig tölvuleiknum muni vegna. ■

Drifkraftur biðlista

Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra.

Fjöldi frambjóðenda til Alþingis næsta haust hefur gert biðlista í heilbrigðiskerfinu að umfjöllunarefni. Í öllum tilfellum snýr gagnrýnin að því að ekki sé nægu fjármagni veitt í heilbrigðismál í víðu samhengi. Hins vegar er það svo að útgjöld til heilbrigðismála hafa aukist ár frá ári síðastliðna tvo áratugi, að undanskildu tímabilinu sem AGS réði hér ríkjum. Getur verið að ríkisvæðing og aukin miðstýring heilbrigðiskerfisins undir forystu Svandísar Svavarsdóttur sé drifkraftur biðlistanna? ■

Ófremdarástand í Suður-Afríku

Óeirðir ríkja í Suður-Afríku eftir að fyrrverandi forseti landsins, Jacob Zuma, var handtekinn fyrir viku og dæmdur til 15 mánaða fangelsisvistar fyrir að vanvirða dómstól í landinu og að mæta ekki þegar átti að spyrja stjórnmálamanninn um spillingu á þeim níu árum sem hann stýrði landinu. Á myndinni má sjá fjölda fólks ræna verslun í Durban, sem er þriðja stærsta borg landsins á eftir Jóhannesarborg og Höfðaborg. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sveitarfélög axli ábyrgð á íbúðauppbyggingu

Jóhanna Klara Stefánsdóttir
sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins.

Skortur á framboði íbúða hefur skaðleg áhrif. Því er mikill ávinningur af umbótum á íbúðamarkaði bæði fyrir almenning og atvinnulíf. Í nýlegri greiningu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar kemur fram að uppsöfnuð íbúðaþörf hafi verið tæplega 4.000 íbúðir í upphafi þessa árs. Skýrist það af því að ekki hefur tekist að mæta þeirri miklu þörf sem hefur verið fyrir framboð á nýjum íbúðum á síðustu árum. Samtök iðnaðarins hafa hvatt til þess að íbúðauppbygging verði jöfn og stöðug til að mæta þörfum íbúa landsins hverju sinni.

Á sama tíma og þörfin fyrir nýjar íbúðir er mikil hefur verulegur samdráttur mælst í íbúðum í byggingu. Samkvæmt nýjustu talningu Samtaka iðnaðarins voru íbúðir í byggingu 4.610 og fækkaði þeim um 1.131 á milli ára. Samdráttur hefur verið í fjölda íbúða í byggingu síðan í febrúar 2019 og nemur samdrátturinn 29 prósentum. Mjög fáar íbúðir eru á fyrstu byggingarstigum og er það áhyggjuefni vegna væntanlegs framboðs á fullbúnu íbúðarhúsnæði á næstu árum en gert er ráð fyrir að tæplega 3.000 íbúðir þurfi að bætast við á ári til að mæta þörf. Samkvæmt spá Samtaka iðnaðarins munu rétt ríflega 2.100 fullbúnar íbúðir koma inn á markaðinn á höfuðborgarsvæðinu og í nágrannasveitarfélögum á þessu ári og rétt tæplega 1.800 íbúðir á næsta ári. Þó um sé að ræða nokkra aukningu frá því sem hefur verið á síðustu árum er ljóst að enn vantar mikið upp á að byggt sé í takt við íbúðaþörf.

> **Tryggja þarf að hagkvæm uppbygging eigi sér stað fyrir almenna íbúðamarkaðinn en verði ekki aðeins í gegnum óhagnaðardrifin leigufélög.**

Það er hægt að taka undir orð seðlabankastjóra þegar hann segir að verðhækkanir á íbúðamarkaði undanfarið séu til merkis um að framboð hafi ekki í við eftirspurn, það er að ekki sé nægjanlega mikið byggt af íbúðum. Réttilega bendir hann á að ástæðan liggi í ónægu framboði lóða, ekki síst af hálfu stærsta sveitarfélags landsins, Reykjavík.

Það blasir við að lóðaframboð þarf að vera meira og fjölbreyttara. Mikilvægt er að markaðurinn mæti þörfum íbúa á hverjum tíma en áhersla á uppbyggingu þéttingarreita í Reykjavík hefur ekki skilað möguleikum á hagkvæmri uppbyggingu fyrir almennan markað. Tryggja þarf að hagkvæm uppbygging eigi sér stað fyrir almenna íbúðamarkaðinn, en verði ekki aðeins í gegnum óhagnaðardrifin leigufélög.

Úrræðin til að bregðast við þessum vanda eru fyrst og fremst á valdi sveitarfélaganna sem spila stórt hlutverk þegar kemur að þróun íbúðamarkaðar. Að mati Samtaka iðnaðarins er mikilvægt að þau axli ábyrgð og bregðist við með auknu og fjölbreyttara framboði lóða og geri þannig sitt til að þörfum íbúa landsins fyrir íbúðarhúsnæði sé mætt. ■

Mun valda byltingu í veiðum

Það skiptir miklu máli fyrir umhverfið og umgengni um fiskistofna að geta hugsanlega valið í framtíðinni þann fisk sem á að veiða og sleppa öðrum.

helgivifill@frettabladid.is

Hampiðjan vinnur að því að þróa tækni ásamt Stjörnu-Odda sem gerir það að verkum að hægt verði að veiða einungis tiltekna tegund af fiski af tiltekinni stærð en ekki taka við öllu því sem fer í trollið. „Þetta verður bylting í veiðum," segir Hjörtur Erlendsson, forstjóri Hampiðjunnar, í samtali við Markaðinn. „Vonandi verðum við komin með frumgerð eftir þrjú til fimm ár. Þetta er langhlaup."

Hjörtur segir að það sem hafi staðið tækni sem þessari fyrir þrifum sé hve flutningsgeta gagnakapla sem nýttir hafi verið á sjó sé lítil. Þeir hafi verið úr kopar og það taki nokkrar mínútur fyrir óskýra svarthvíta mynd að komast upp í brúna. „Skipstjórnarmenn sjá því ekki hvað veitt er í rauntíma. Hampiðjan hefur þróað ljósleiðarakapal sem getur flutt heila bíómynd á tveimur til þremur sekúndum. Það er því hægt að hafa margar myndavélar og sjá nákvæmlega hvað kemur í trollið í rauntíma," segir hann og nefnir að kapallinn beri nafnið DynIce Optical Data.

„Fyrir skemmstu hófum við tilraunaveiðar með Frá VE-78 í Vestmannaeyjum. Það var fyrst og fremst gert til að sjá hve góðum myndum af fiskum við næðum neðansjávar svo hægt væri að þróa áfram búnað til að tegundagreina þá. Það er komin mikil þekking á myndgreiningartækni. Við viljum beita henni til þess að greina fisktegundir. Í ljósi stóraukins samskiptahraða á kaplinum verður hægt að senda myndskeið um borð í skipið þar sem tölvan ákveður hvaða fisk eigi að veiða og hverjum eigi að sleppa. Þau skilaboð verða send samstundis í trollið," segir hann.

Það hefur tekið töluverðan tíma að þróa kapal sem ræður við mikið gagnamagn. „Ljósleiðari er glerþráður, gjarnan klæddur í stífa stálkápu svo það komi ekki beygja á hann því þá brotnar hann. Alla jafna eru þeir plægðir í jörðina og þar haldast þeir kyrrir í áratugi," segir Hjörtur og nefnir að aðstæður á sjó séu allt aðrar og erfiðari.

„Við setjum ljósleiðara á spil um borð í skip sem nær niður í trollið. Ljósleiðarinn getur því titrað eftir því hvernig hafstraumar liggja og hann þarf að þola stöðugt átak. Stundum lítið og stundum mikið. Það er einstakt að okkur hafi tekist að þróa ljósleiðarakapal sem getur ráðið við þessar aðstæður," segir hann og nefnir að Hampiðjan hljóti að teljast sá kaðlaframleiðandi sem búi yfir mestri tæknilegri getu og að kapallinn sé einkaleyfisvarinn.

Hjörtur Erlendsson segir að myndgreiningu verði beitt til að greina fisktegundir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ljósleiðari Hampiðjunnar er settur á spil sem nær niður í troll. MYND/AÐSEND

> **Það má líkja þessu við gróðurhús þar sem einungis eru tíndir rauðir, þroskaðir tómatar en beðið með að taka þá litlu og grænu.**
>
> Hjörtur Erlendsson, forstjóri Hampiðjunnar.

Fengu styrk frá Tækniþróunarsjóði

Hafrannsóknastofnun, ásamt Stjörnu-Odda og Hampiðjunni fékk styrk frá Tækniþróunarsjóði til að þróa myndgreininguna og Hampiðjan sér um að hanna veiðarfærið utan um Fiskvalann, en það nefnist búnaðurinn sem notaður er við myndatökuna. „Við höfum í áratugi unnið með Hafró og þekkt Stjörnu-Odda frá stofnun þess félags og dáðst að þeirra tæknilegu getu og það er ánægjulegt að vinna með þeim að þessu metnaðarfulla verkefni," segir Hjörtur.

Hampiðjan er skráð á First North-hliðarmarkað Kauphallarinnar. Hlutabréfin hafa hækkað um 90 prósent á tólf mánuðum og 24 prósent það sem af er ári.

Ljósleiðarakapallinn hefur verið prófaður í samstarfi við Síldarvinnsluna um borð í uppsjávarskipinu Beiti og þær tilraunir hafa leitt í ljós að nauðsynlegt er að hanna sérstakar vindur fyrir kapalinn, því ljósleiðarakaplar þola það illa að þeim sé vafið í mörgum lögum á spil. „Vindurnar þurfa því að vera öðruvísi útbúnar og vera breiðari og með stærri kjarna," segir Hjörtur.

Hafið þið tilfinningu fyrir því hver eftirspurn eftir vörunni verður í framtíðinni?

„Það fást mikilvægar upplýsingar fyrir skipstjórnarmenn með því að sjá hvaða fiskur er að koma inn í trollin í rauntíma. Þá vita þeir til dæmis hvort ýsa hafi veiðst, hvort mikið af smáfiski sé með aflanum eða jafnvel hvort ekkert hafi fiskast. Þessi tækni mun gera það að verkum, eins og með annan tölvubúnað, að um leið og hún er komin til sögunnar mun skapast veruleg eftirspurn eftir henni. Tæknin mun auka hagræði í rekstri útgerða verulega."

Skiptir það máli fyrir umhverfið að ekki sé verið að veiða fisk sem á ekki að veiða og fleira?

„Það skiptir miklu máli fyrir umhverfið og umgengni um fiskistofna að geta hugsanlega valið í framtíðinni þann fisk sem á að veiða og sleppa öðrum, til dæmis þeim sem enn eru of litlir. Það má líkja þessu við gróðurhús þar sem einungis eru tíndir rauðir, þroskaðir tómatar en beðið með að taka þá litlu og grænu. Því væri hægt að bíða með að veiða minni fiskana þar til þeir hafa vaxið nægilega þannig að þeir séu hæfir til nýtingar og eins yrði hægt að sleppa þeim tegundum sem ekki er vilji til að taka." ■

Hrönn Greipsdóttir, framkvæmdastjóri Eldeyjar.

Eldey tapaði 600 milljónum

helgivifill@frettabladid.is

Fjárfestingafélagið Eldey, sem stýrt var af Íslandssjóðum og fjárfesti í ferðaþjónustu, tapaði 598 milljónum króna árið 2020, sem rekja má til virðisrýrnunar eignarhluta og lána. Árið áður nam tapið ríflega milljarði króna. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi.

Eldey átti meðal annars í Norðursiglingu, Arcanum fjallaleiðsögumönnum og Dive.is. Bókfært virði eigna þess var 1,1 milljarður króna við árslok 2020. Verðmætasta eignin var Arcanum, sem metin var á hálfan milljarð.

Samkeppniseftirlitið samþykkti samruna Eldeyjar og Kynnisferða í maí. Við það lauk Eldey hlutverki sínu. Eldey var í eigu lífeyrissjóða, einkafjárfesta og Íslandsbanka. Hluthafar voru 26. Frá árinu 2015 nam bókfært tap félagsins 2,1 milljarði króna.

> **Á nánast einni nóttu urðu félögin tekjulaus og eftir því sem leið á ljóst að standa þurfti skil á fyrirframgreiðslum vegna ferða sem ekki yrðu farnar.**
>
> Ársreikningur Eldeyjar 2020.

„Árið 2020 byrjaði ágætlega og var rekstur félaganna í takti við væntingar eftir umfangsmiklar hagræðingaraðgerðir síðasta árs og bókanir til lengri tíma litu vel út. Í mars 2020 komu upp fordæmalausar aðstæður sem engan hafði órað fyrir, þegar gripið var til aðgerða til að sporna við útbreiðslu COVID-19 sem varð að heimsfaraldri.x," segir í ársreikningnum. Saga Travel var eina félagið í eignasafninu sem varð gjaldþrota í kjölfar heimsfaraldursins.

Viðræður við hluthafa um stækkun Eldeyjar höfðu staðið yfir í nokkurn tíma áður en heimsfaraldur COVID skall á. Þegar heimsfaraldurinn hófst breyttist forgangsröðunin þannig að í stað þess að auka við hlutafé til að hefja uppbyggingu og styrkja félögin til frekari sóknar var nú horft til þess hversu mikla fjármuni þyrfti til að koma félögunum í skjól miðað við 12-18 mánaða tekjuleysi. Hluthafar samþykktu að leggja Eldeyju til 500 milljónir króna og tóku flestir þátt í aukningunni. „Á árinu voru dregnar 221 milljón króna hlutafjárloforð vegna forgangshlutabréfa auk 257 milljón króna aukningar á hefðbundnu hlutafé úr fyrri hlutafjárloforðum," segir í ársreikningi. ■

Á erfitt með að skilja verðlagningu VÍS

helgivifill@frettabladid.is

Jakobsson Capital verðmetur tryggingafélagið VÍS á 15 krónur á hlut en markaðsvirðið var 19,2 krónur á hlut í gær. Markaðsgengið er því 28 prósentum hærra en verðmatið.

Greinandi Jakobsson Capital man ekki eftir öðru eins sumri á hlutabréfamarkaði á yfir 20 ára ferli. Frá 1. apríl hefur hlutabréfaverð tryggingafélagsins hækkað um 28 prósent. „Tryggingafélögin voru mjög vanmetin á markaði fyrir nokkrum árum síðan og átti greinandi erfitt með að skilja verðlagninguna. Í tilfelli VÍS á hann

Helgi Bjarnason, forstjóri VÍS.

erfitt með að skilja hækkanir síðustu vikna en tryggingarekstur eða grunnrekstur VÍS hefur verið nokkuð brokkgengur undanfarin misseri. Í fyrsta skipti í mjög langan tíma er verðmatsgengi VÍS vel undir gengi á markaði," segir í verðmatinu sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Samsett hlutfall VÍS, það er hvernig tryggingafélaginu gekk að láta að iðgjöld mæta útgjöldum vegna vátrygginga, var 108 prósent á fyrsta ársfjórðungi. Hallarekstur inn má einkum rekja til veitutjóns á Háskólatorgi. „Það er því erfitt að sjá hvernig VÍS ætlar að vera með 97 til 98 prósent samsett hlutfall í ár," segir í verðmatinu. Í því er gert ráð fyrir að hlutfallið verði 99,5 prósent í ár og verði 97,8 prósent við lok spátímans.

Rekstur tryggingafélaga er tvíþættur. Annars vegar hefðbundinn tryggingarekstur og hins vegar er fjárfest fyrir iðgjöldin. Ávöxtun fjáreigna var 5,8 prósent á fyrsta ársfjórðungi. Kvika er stærsta hlutabréfaeign VÍS. „Ef sjón greinanda bregst honum ekki virðist VÍS hafa örlítið létt á stöðunni á fyrsta ársfjórðungi. Næststærsta eign VÍS er Arion banki sem hækkaði einnig mikið og hélt áfram að hækka mikið á öðrum ársfjórðungi. VÍS á stóra stöðu í Akta-hlutabréfasjóði sem hefur gefið mjög góða ávöxtun," segir verðmatinu.

VÍS á nokkrar stórar stöður í óskráðum bréfum, þar vegur þyngst Coripharma, Miðborg 105 og hlutur í Bláa lóninu. ■

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | MIÐVIKUDAGUR 14. júlí 2021

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

Skoðun

Þórður Gunnarsson

Virði auðlindar

Að undanförnu hefur verið óvenju athyglisvert að fylgjast með hinni endalausu deilu um skattlagningu sjávarútvegsins. Hin svokallaða samningaleið hefur enn á ný verið lögð til, en hún felur í sér að samið verði um nýtingu fiskistofna til ákveðins tíma í senn. Á þetta kerfi að koma í stað þess veiðigjalds sem nú er lagt á íslenskar útgerðir.

Veiðigjaldið hefur marga galla. Til dæmis leggst það þungt á annars vegar smærri útgerðir og hins vegar útgerðir sem veiða hlutfallslega mikinn bolfisk. Eins gallað og veiðigjaldið er þá er það í það minnsta tengt framlegð af veiðum. Það er að segja, hefur einhvers konar tengingu við afkomu nýtingar á fiskistofnum.

Nýlega hefur verið fjallað um í fréttum að uppsjávarveiði og -vinnsla sé um þessar mundir helsti drifkraftur arðsemi íslensks sjávarútvegs. Hvernig er hægt að semja um nýtingarrétt á loðnu til 10 ára þegar hún getur látið sig hverfa fyrirvaralaust um tveggja eða þriggja ára skeið?

Hvernig ætti svo að semja um nýtingarrétt á makríl? Á fyrri hluta síðasta áratugar þurfti aðeins tveggja til þriggja klukkutíma stím frá landi til að sækja hann. Í dag þarf að sigla tvo til þrjá sólarhringa langleiðina til Noregs til að ná í sama fisk. Kostnaður við veiðarnar hefur því aukist og þegar þarf að sigla svo langa leið til hafnar með aflann eru líkur á að verðmæti hans verði lægra fyrir vikið.

Er hægt að gera ráð fyrir sviptingum, eins og við sjáum í loðnu og makríl, í tíu ára löngum nýtingarsamningi, án þess að afkomutengja þá? Hæpið.

Þeir sem tala fyrir samningaleiðinni segja að lítið mál sé að stilla samningana þannig af að þeir muni ekki kosta sjávarútvegsfyrirtæki meira en veiðigjaldið gerir í dag. Ef að markmiðið er ekki að auka tekjur ríkissjóðs þá hljóta margir að spyrja sjálfa sig hver sé eiginlega tilgangur þeirrar vegferðar að vilja semja um nýtingarrétt frekar en að innheimta veiðigjald eins og gert er í dag? Það dregur sannarlega ekki úr óvissu í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja, sem er þó eðli máls samkvæmt nú þegar töluverð. ■

Sterkari saman í sátt við umhverfið

LITRÓF
GuðjónÓ
Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000

Útlit fyrir að fjöldi brottfara í júlí tvöfaldist

thorsteinn@frettabladid.is

Brottfarir frá Keflavíkurflugvelli í júlí verða orðnar fleiri, þegar mánuðurinn er rétt rúmlega hálfnaður, en þær voru allan júnímánuð. Þetta má lesa úr tölum ISAVIA.

Í júní komu rétt rúmlega 65 þúsund manns til landsins og var aukningin um 183 prósent á milli mánaða. Yfir sama tímabil jókst fjöldi brottfara frá Keflavík um 165 prósent.

Nú þegar júlí er tæplega hálfnaður styttist í að fjöldi brottfara verði orðinn meiri en hann var allan júnímánuð miðað við áætlanir ISAVIA um brottfarir næstu daga. Ef tíðni brottfara seinni hluta mánaðarins verður sú sama og hingað til í júlí má ætla að þær verði um 1.277 talsins sem væri um 90 prósenta aukning milli mánaða.

Spár stjórnvalda og greinenda um fjölda ferðamanna á þessu ári hafa verið á bilinu 6-800 þúsund. Ef sami taktur heldur áfram má ætla að fjöldinn fari fram úr spá Seðlabankans um 700 þúsund ferðamenn. ■

Mikilvægt er að gjalda varhug við málflutningi stjórnmálamanna sem segja að ríkið eitt geti átt og rekið alla skapaða hluti.

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra.



VIÐ ERUM SÉRFRÆÐINGAR Í

MALBIKUN

Malbikunarframkvæmdir eru okkar sérsvið. Við tökum að okkur malbikun á bílastæðum, stígum, götum, vegum og hvar sem þarf að malbika. Við tryggjum fyrirtaks þjónustu sem svarar ýtrustu gæða- og öryggiskröfum. Hafðu samband.

FAGVERK
MALBIKSTÖÐIN

malbikstodin.is | 864 1220 | Flugumýri 26 | Mosfellsbær

VILTU VINNA Á SKEMMTILEGUM VINNUSTAÐ?

Vefnaðarvörudeildin hjá Vogue fyrir heimilið er skemmtileg, öflug og framsækinn vinnustaður sem samanstendur af metnaðarfullu og samheldnu starfsfólki. Við bjóðum metnaðarfullt starfsumhverfi, jákvæðan og hvetjandi starfsanda. Markmið okkar er að bjóða starfsumhverfi þar sem fólki líður vel, hefur gaman af vinnunni og getur látið sig hlakka til að mæta til vinnu.

Á spennandi tímum leitar Vogue fyrir heimilið að jákvæðu og metnaðarfullu framtíðarstarfsfólki í vefnaðarvörudeild fyrirtækisins Síðumúla 30, Reykjavík.

HÆFNISKRÖFUR:

- Hafa áhuga og reynslu af saumaskap og/eða handavinnu.
- Mikil hæfni og færni í mannlegum samskiptum.
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi.
- Jákvæðni, skipulagshæfni og vandvirkni.

Umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi skulu berast í gegnum tölvupóst á netfangið atvinna@vogue.is fyrir 18. júlí 2021.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Veðurspá Miðvikudagur



Snýst í vestan og suðvestan 10-15 m/s og víða rigning eða skúrir í dag, en hægari vindur NA-til og kólnar heldur í veðri. Hiti víða 10 til 14 stig.

STILLANLEG RÚM HEILSURÚM OG -DÝNUR GAFLAR SÆNGUR KODDAR SVEFNSÓFAR STÓLAR SÆNGURFÖT, O.FL.

ÚTSALAN ER Í GANGI!



SUMAR-
ÚTSALA
BETRA BAKS
ALLT AÐ 60%
AFSLÁTTUR

EKKI MISSA AF ÞESSU

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

Betra BAK

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Garrry Kasparov (2812) átti leik gegn Jorden Van Foreest (2688) á at- og hraðskákmóti sem fram fór í Króatíu.

40. b7! Dxb7 41. Dxg5! 1-0. 41. He8+ Kh7 42. Dd3+ vinnur líka. Kasparov náði sér engan veginn á strik og hlaut 2½ í 18 skákum. Síðari skák Hjörvars Steins Grétarssonar og Hvít-Rússans Kirils Stupaks lauk í gær. Þeir tefla til þrautar í dag með skemmri umhugsunartíma og hefst taflmennskan kl. 12. Skákvarpið hefst stundvíslega um leið!
www.skak.is: Heimsbikarmótið.

Krossgáta

LÁRÉTT
1 fullfrískur
5 daunill
6 fisk
8 þróun
10 tveir eins
11 skjön
12 klink
13 gagnsær
15 skilningarvit
17 hráslagi

LÓÐRÉTT
1 aukreitis
2 flatfiskur
3 sníkill
4 skoran
7 umtalsillur
9 krem
12 stara
14 draup
16 óðagot

LÁRÉTT: 1 alfær, 5 fúl, 6 ál, 8 gróska, 10 aa, 11 mis, 12 mynt, 13 glær, 15 sanar, 17 kalsi.
LÓÐRÉTT: 1 afgangs, 2 lúra, 3 fló, 4 rákin, 7 lastari, 9 smyrsl, 12 mæna, 14 lak, 16 as.



Sudoku

3	1			9	8			
							4	8
	2		3	5		6		
8			5		3		1	
	7				9	2	3	
		9	6	1				
			2		1		8	
	6						2	3
			7		5			

5	8							
	6	1	3			7	2	
		2	8			3		
	1	6						7
9	7				3	2	4	
					5	9		1
6	2		9			4	5	
					8			
				3	4			9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Elskarðu að hangsa?
fatboy
fatboy®
Fatboy hengirúmin eru fullkominn staður til þess að hanga á og hvílast.
Hvort sem er inni eða úti, heima eða uppi í bústað, Headdemock hengirúmið frá Fatboy elskar að hangsa með þér.
Verð 84.900 kr.
Fatboy | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588 1955 | sekkur.is

Hadda Fjóla sýnir verk sín í NORR11.

Blæbrigði litanna

kolbrunb@frettabladid.is

Sýning Höddu Fjólu Reykdal, Ljósmosagrár út í hvítt stendur yfir í NORR11 á Hverfisgötu.

Í verkum sínum skoðar Hadda blæbrigði litanna í náttúrunni og hvernig þeir breytast eftir birtu og í mismunandi veðrabrigðum. Leiðarstefið í verkum hennar eru fínlegar doppur í láréttum og lóðréttum línum eða hringir lag ofan á lag svo úr verður þéttur vefur lita og forma.

Hadda Fjóla Reykdal (f. 1974) útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1998. Hún hefur haldið fjölda sýninga hérlendis sem og í Svíþjóð þar sem hún bjó í tíu ár. ■

Agnar Már verður í Hörpu.

Tríó Agnars Más í Múlanum

kolbrunb@frettabladid.is

Á tónleikum Jazzklúbbs Múlans, fimmtudaginn 15. júlí kl. 20 í Flóa, Hörpu, kemur fram píanóleikarinn Agnar Már Magnússon ásamt tríói sínu. Agnar Már fagnar 20 ára afmæli fyrstu plötu sinnar með útgáfu á nótnabók. Agnar hefur gefið út fjölda platna á ferli sínum og er þeim öllum gerð skil í bókinni. Á tónleikunum verður rifjað upp efni af fyrstu plötunni 01. Ásamt Agnari koma fram bassaleikarinn Nicolas Moreaux og Matthías M. D. Hemstock sem leikur á trommur. ■

Unnur Birna ásamt hljómsveit.

Unnur og Bjössi Thor á Jómfrúnni

kolbrunb@frettabladid.is

Á fimmtu tónleikum sumarjazztónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu, laugardaginn 17. júlí, kemur fram söngkonan Unnur Birna Björnsdóttir ásamt hljómsveit gítarleikarans Björns Thoroddsen. Sigurgeir Skafti Flosason leikur á bassa og Skúli Gíslason á trommur. Þau munu flytja fjölbreytta og skemmtilega efnisskrá. Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Þeir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17. ■

Á svipuðum slóðum

Efnisgerð augnablik er samsýning fjögurra listamanna í Nýlistasafninu. Blaðamaður náði tali af tveimur þeirra, Ívari Valgarðssyni og Ingunni Fjólu Ingþórsdóttur.

kolbrunb@frettabladid.is

Ívar Valgarðsson og Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir eiga verk í Nýlistasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ívar Valgarðsson hefur starfað við myndlist í áratugi og hefur haldið einkasýningar hér á landi og erlendis og tekið þátt í fjölda samsýninga.

Á sýningunni í Nýlistasafninu sýnir hann tvö aðskilin verk. Annars vegar verk á vegg sem heitir „Veggirnir á milli málverkanna“ og samanstendur af fjórum ljósmyndum og svo verk á gólfi sem heitir: „Rökkurgrátt - Sólgult - Ísblátt“, þrír um það bil meters háir stöplar úr MDF. Saman mynda bæði verkin vissa heild í huga Ívars.

Ljósmyndirnar minna í fljótu bragði á abstrakt málverk og tengjast reyndar málverkum því þær fjalla um rýmið á milli málverka. „Þær voru teknar í Listasafni Íslands á sýningu á verkum eftir Kjarval, Þórarin B. Þorláksson, Nínu Tryggvadóttur, Júlíönu Sveinsdóttur og fleiri listmálara og sýna veggbilið á milli málverkanna segir Ívar. Greina má endurkast af römmunum á ljósmyndunum.

Fjarvera listaverksins

Í gólfverkinu nýtir Ívar sér skáldleg verksmiðjuheiti hefðbundinnar innanhússmálningar og setur Rökkurgrátt á hlið og gólf sem snýr frá glugga á einn stöpulinn. Sólgult á eina hlið sem snýr að glugga annars og Ísblátt ofan á þann þriðja sem myndar þar þykkt lag líkt og ís. „Ég málaði lag fyrir lag um 400 umferðir þar til tiltekinni þykkt var náð.

Spurður um hugsunina sem liggi að baki þessu verki hans segir Ívar: „Hugmyndin að báðum verkunum fjallar á vissan hátt um fjarveru listaverksins. Ef maður lítur vel í kringum sig þá sér maður að það er fleira list en listaverkið sjálft.

Mondrian, abstraktmálarinn kunni, hafði stórar útópískar hugmyndir. Ein var sú að þegar fólk færi að upplifa veruleikann sem listaverk, þá væri ekki lengur þörf fyrir málverk eða annað þess háttar. Mér finnst svona vangaveltur mjög áhugaverðar.“

Tíminn og vitar

Í verki Ingunnar Fjólu veltir hún fyrir sér stöðu málverksins. „Í öllu sem ég geri er ég að hugsa um málverkið,“ segir hún. „Verkið á þessari sýningu er gert úr bómullarþráðum

Verk Ingunnar á sýningunni.

> **Ef maður lítur vel í kringum sig þá sér maður að það er fleira list en listaverkið sjálft.**
>
> Ívar Valgarðsson.

Listamennirnir á sýningunni í Nýlistasafninu

Ívar Valgarðsson
Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir
Baldur Geir Bragason
Inga Þórey Jóhannsdóttir

sem ég málaði á með akrílmálningu. Þræðirnir eru keyrðir af mótorum og hreyfast. Hreyfingin er sífelld og jöfn. Á sitt hvorum veggnum við verkið eru risastórir málaðir fletir, annar rauður og hinn grænn, sem mynda samspil milli þráðanna og myndflatanna.

Það má horfa verkið sem málverk í rými sem áhorfandinn gengur inn í og í kringum og sjónarhornið breytist eftir því hvar hann stendur.“

Ingunn Fjóla segist við gerð verksins mikið hafa hugsað um starfsemina í húsinu og umhverfi þess, en höfnin er í nánd við Nýlistasafnið. „Í þessu húsi var fiskverksmiðja og ég fór að hugsa um siglingar, skipin og siglingaljós.

Litirnir á stóru flötunum á veggjunum, rauður og grænn, tákna siglingaljós Þá er grænt ljós á stjórnborða hægra megin og rautt ljós á bakborða vinstra megin. Eins er með hafnarvita, þar er rautt öðru megin og grænt hinu megin. Þetta eru manngerð kerfi sem hjálpa okkur við að rata um heim sem er alltaf á hreyfingu. Þannig að ég var að hugsa um tímann og vita sem hjálpa okkur að rata.“

Kýs að þenja út málverkið

Ingunn Fjóla segist stöðugt vera að hugsa um sambandið milli áhorfandans og verksins. „Ég geri oft verk þar sem áhorfandinn þarf að hreyfa sig um og skoða þau frá mismunandi sjónarhornum. Ég vil draga áhorfandann inn í samtal við verkið, sem er á einhvern hátt líkamlegt af því hann þarf að hreyfa sig. Það er ekki bara sjónin heldur líka önnur skynfæri sem færa hann nær verkinu.“

Verk Ingunnar Fjólu hafa verið sýnd víða í söfnum og galleríum hér á landi og erlendis. Þótt hún hafi brennandi áhuga á málverkinu þá málar hún ekki hefðbundin málverk. Hún hefur bæði unnið stórar innsetningar og minni verk, einskonar lágmyndir eða þrívíð málverk, þar sem hún blandar saman máluðum flötum og þráðum.

„Málverkið hefur alltaf verið mér hugleikið en þessi tvívíði flötur hefur ekki nægt mér. Ég hef kosið að þenja út málverkið,“ segir hún.

Ingunn Fjóla segir að í verkum sínum á þessari sýningu séu þau Ívar ekki á ósvipuðum slóðum og bendir á að hann hafi á ferlinum gert ýmis verk sem fjalla um málverkið. ■

Elmar og Salka Sól í Sem á himni

kolbrunb@frettabladid.is

Þjóðleikhúsið frumsýnir glænýjan söngleik, Sem á himni, á næsta leikári. Nú er verið að ljúka mönnun leikhópsins sem leikstjórinn Unnur Ösp Stefánsdóttir mun stýra í þessari metnaðarfullu uppsetningu. Meðal þeirra sem verða í aðalhlutverkum eru Elmar Gilbertsson og Salka Sól, en aðrir leikarar eru meðal annars Valgerður Guðnadóttir, Guðjón Davíð Karlsson og Katrín Halldóra Sigurðardóttir en alls mun sýningin skarta 25 leikurum og söngvurum á sviði og 12 manna hljómsveit í gryfju.

Elmar tekur nú í fyrsta sinn þátt í uppsetningu í Þjóðleikhúsinu, en hann hefur notið mikillar velgengni jafnt innanlands sem utan á liðnum árum og sungið aðalhlut-

Elmar tekur í fyrsta sinn þátt í uppsetningu í Þjóðleikhúsinu.

> **Elmar tekur nú í fyrsta sinn þátt í uppsetningu í Þjóðleikhúsinu, en hann hefur notið mikillar velgengni jafnt innanlands sem utan á liðnum árum.**

verk í virtum óperuhúsum og tónleikasölum víðs vegar um Evrópu. Elmar hefur tvívegis hlotið bæði Grímuverðlaunin og Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngvari ársins. ■

ÞINN STUÐNINGUR ER OKKAR ENDURHÆFING





Ljósavinir hafa snert líf mitt án þess að vita það. Komdu í hópinn!

Í Ljósið leita hundruðir einstaklinga í endurhæfingu í hverjum mánuði en einnig fá þar aðstandendur stuðning og fræðslu. Greiningum á krabbameini fjölgar en á sama tíma verða lífslíkur betri. Því er aukin þörf á faglegri endurhæfingu fyrir líkama og sál.

Við þurfum fleiri ljósavini. Vertu mánaðarlegur styrktaraðili á **www.ljosid.is**

Ljósið

FRÉTTABLAÐIÐ 20 ÁRA
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

NÁÐU TIL
FJÖLDANS!

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins.*
Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Fréttablaðinu er dreift í heimahús, eru yfirburðirnir ótvíræðir.
Hafðu samband og við aðstoðum þitt fyrirtæki við að ná til fjöldans.

Sími: 550 5050 – soludeild@frettabladid.is

44%

18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

49%

35-65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

68%

55-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*



*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Miðvikudagur

Hringbraut

18.00 **Besti maturinn (e)** Sígildur þáttur frá fyrri árum Hringbraut þar sem Vala Matt fékk til sín þjóðþekkta einstaklinga sem kepptu um að gera besta matinn.
18.30 **Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
19.00 **Fjallaskálar Íslands (e)** Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildaþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
19.30 **Sólheimar 90 ára (e)** Þáttur um 90 ára afmæli Sólheima í Grímsnesi. Umsjón: Linda Blöndal
20.00 **Saga og samfélag (e)** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi.
20.30 **Undir yfirborðið (e)**

RÚV Sjónvarp

11.00 **Heimaleikfimi**
11.10 **Sumarlandabrot**
11.15 **Manstu gamla daga?** Í útviðum buxum með túberað hár
11.55 **Flikk flakk** Vestmannaeyjar
12.30 **Paradísarheimt**
13.00 **Brautryðjendur** Dóra G. Jónsdóttir
13.25 **Músíkmolar**
13.35 **Á meðan ég man**
14.00 **Heilabrot**
14.30 **Söngvaskáld** Ragnheiður Gröndal
15.10 **Árni Magnússon og handritin**
15.55 **Grænlensk híbýli**
16.25 **Mótorsport** Hólmavíkurrallý og Torfæra á Egilstöðum
16.55 **Pönk á Patró**
17.20 **Örkin**
17.50 **Táknmálsfréttir**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Múmínálfarnir**
18.22 **Hæ Sámur**
18.29 **Klingjur**
18.41 **Eldhugar - Josephine Baker**
18.45 **Sögur af handverki**
18.54 **Vikinglottó**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.40 **Sumarlandabrot**
19.45 **Ólympíukvöld ÓL 1980-1984** RÚV rifjar upp sögu Ólympíuleikanna, allt frá upphafinu til 2016.
20.20 **Líkamsvirðingarbyltingin Kroppsrevolt**
20.50 **Hnappheldan Gift**
21.15 **Neyðarvaktin Chicago Fire**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **Venus - Ræðum um kynlíf Venus - Let's Talk About Sex**
23.45 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

07.30 **European Tour** Útsending frá Scottish Open.
13.00 **European Tour** Scottish Open á Evrópu mótaröðinni .
18.30 **The Open Championship**
19.00 **LPGA Tour** Bein útsending frá Dow Great Lakes Bay Invitational.
22.00 **European Tour 2021 - Highlights**
22.25 **PGA Tour. The Cut 2021**
22.50 **2021 PGA Championship Official Film**
23.45 **The Open Championship**

Sjónvarp Símans

06.00 **Síminn + Spotify**
12.30 **Dr. Phil**
13.15 **The Late Late Show**
14.00 **The Block**
15.05 **90210**
16.50 **The King of Queens**
17.10 **Everybody Loves Raymond**
17.35 **Dr. Phil**
18.20 **The Late Late Show**
19.05 **The Block**
20.10 **Trúnó**
20.45 **Young Rock**
21.10 **Normal People**
21.40 **Station 19**
22.30 **Love Island**
23.20 **The Royals**
00.05 **The Late Late Show**
00.50 **Ray Donovan**
01.40 **Love Island**
02.35 **Normal People**
03.05 **Station 19**
03.50 **Love Island**
04.40 **Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Segðu mér** Harpa Einarsdóttir framkvæmdastjóri
09.45 **Morgunleikfimi**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfregnir**
10.13 **Á reki með KK**
11.00 **Fréttir**
11.03 **Sumarmál. Fyrri hluti**
12.00 **Fréttir**
12.03 **Það sem skiptir máli** Fylking
12.20 **Hádegisfréttir**
12.42 **Hádegið Fyrri og seinni hluti**
13.00 **Dánarfregnir**
13.02 **Sumarmál. Seinni hluti**
14.00 **Fréttir**
14.03 **Þá tekur tónlistin við**
15.00 **Fréttir**
15.03 **Svona er þetta** Kjartan Ólafsson
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Tengivagninn**
17.00 **Fréttir**
18.00 **Kvöldfréttir**
18.10 **Brot úr Morgunvaktinni**
18.30 **Hlustaðu nú!** Í ljósi krakkasögunnar - Uppfinningakrakkar
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Sumartónleikar** Gidon Kremer með Dönsku kammersveitinni
20.30 **Segðu mér** Harpa Einarsdóttir framkvæmdastjóri
21.10 **Íslendingasögur** Einar Harðarson
21.40 **Kvöldsagan. Sögukaflar af sjálfum mér** (12 af 23)
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Sumarmál. Fyrri hluti**
23.05 **Sumarmál. Seinni hluti**
00.00 **Fréttir**
00.05 **Næturútvarp Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

10.40 **Batman vs. Teenage Mutant Ninja Turtles**
12.05 **The Children Act**
13.45 **Notting Hill**
15.50 **Batman vs. Teenage Mutant Ninja Turtles**
17.15 **The Children Act**
18.55 **Notting Hill**
21.00 **Neighbors 2. Sorority Rising**
22.30 **Endless**
00.00 **Beatriz at Dinner**
01.20 **Neighbors 2. Sorority Rising**

Stöð 2

08.00 **Heimsókn**
08.15 **The Mentalist**
09.05 **Bold and the Beautiful**
09.25 **The Good Doctor**
10.05 **All Rise**
10.50 **12 Puppies and Us**
11.50 **MasterChef Junior**
12.35 **Nágrannar**
12.55 **Hvar er best að búa?**
13.35 **Lífið utan leiksins**
14.10 **Bomban**
14.55 **Gulli byggir**
15.20 **Besti vinur mannsins** Önnur þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem við höldum áfram að kynnast þeim hundategundum sem til eru á landinu, heyrum um uppruna þeirra og eiginleika.
15.45 **Ultimate Veg Jamie**
16.35 **Hell's Kitchen**
17.35 **Bold and the Beautiful**
18.00 **Nágrannar**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.45 **Sportpakkinn**
18.50 **Skreytum hús**
19.00 **Víkingalottó**
19.05 **Golfarinn**
19.35 **First Dates**
20.25 **The Good Doctor**
21.10 **Coroner**
21.55 **Sex and the City**
22.30 **A Black Lady Sketch Show**
23.00 **NCIS. New Orleans**
23.40 **Tin Star. Liverpool**
00.35 **The Mentalist**
01.15 **The Good Doctor**
01.55 **All Rise** Frábærir þættir sem fjalla um líf og störf þeirra sem starfa innan veggja dómshúss í Los Angeles en þar gengur á ýmsu og oft er meira og annað í gangi en í fyrstu sýnist.
02.40 **12 Puppies and Us**
03.40 **Ultimate Veg Jamie** Ómissandi þáttur með meistara Jamie Oliver sem sækir nú innblástur frá framandi stöðum víðs vegar um heim.

Stöð 2 Sport

09.00 **Pepsi Max Stúkan**
09.45 **Höttur - Þór Ak.** Útsending frá leik í Dominos deild karla.
11.00 **Njarðvík - Stjarnan**
12.20 **ÍR - Grindavík**
13.40 **KR - Keflavík**
15.20 **Dominos Körfuboltakvöld**
16.25 **Þór/KA - ÍBV** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
18.05 **Valur - Dinamo Zagreb**
19.45 **HK - Víkingur R.**
21.40 **Pepsi Max Stúkan**
22.00 **ÍBV - Fram** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
23.15 **Seinni bylgjan - kvenna**

Stöð 2 Sport 2

08.55 **Holland - Úkraína**
10.35 **Skotland - Tékkland**
12.20 **Pólland - Slóvakía**
14.00 **Norwich - Middlesbrough**
15.40 **Stoke City - Watford**
17.25 **Úrslit** Útsending frá úrslitaleik í EM 2020.
19.05 **England - Danmörk**
20.45 **Valur - HJK Helsinki** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu kvenna.
22.25 **Leicester - Slavia Prag**
00.00 **EM 1996** Heimildaþáttur um Evrópumeistaramótið í knattspyrnu árið 1996 er mótið fór fram í Englandi.
01.00 **Milwaukee Bucks - Phoenix Suns** Bein útsending.

ÍSBÚÐ OMNOM

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 13 TIL 22

OMNOM ÍSBÚÐ OG SÚKKULAÐI VERSLUN HÓLMASLÓÐ 4, 101 REYKJAVÍK (GRANDI)

omnom.is omnomchocolate

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bjössi og Dísa í World Class

World Class-hjónin, Björn Kr. Leifsson og Hafdís Jónsdóttir, sem hafa reynt að taka bumbuna af landsmönnum síðan 1985, eru eðlilega kennd við veldið sem byrjaði í örlitlu húsi í Skeifunni 3c en vöðvamassi þess hefir tútnað svo út síðan þá að nú eiga þau og reka átján líkamsræktarstöðvar og eru því eðli málsins samkvæmt þekktust sem Bjössi og Dísa í World Class.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þríeykið

Alma Möller, Þórólfur Guðnason og Víðir Reynisson. Þríeykinu, sem hefur verið landsins stoð og stytta í COVID-faraldrinum, verður seint fullþakkað. Þau voru ýmsu öðru vön þegar þeim var þeytt fram í sviðsljósið þar sem þau töluðu kjark og þor í þjóðina þegar faraldurinn geisaði og öll sund virtust lokuð. Þau standa vitaskuld öll fyrir sínu, eitt og sér, en renna saman í hið eina sanna þríeyki í huga fjöldans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rósa á Spotlight

Rósu Guðmundsdóttur gengur illa að losna undan Spotlight nafninu. Hún var skemmtanastjóri staðarins í kringum síðustu aldamót og hefur eðlilega gert ýmislegt síðan þá. Hún hefur verið búsett í New York síðustu ár þar sem hún hefur starfað í skemmtanabransanum.

Betur þekkt sem...

benediktboas@frettabladid.is

Fjölnir Geir Bragason hefur verið í fréttum sem einn fimmmenninganna sem fór fram á að starfsemi svokallaðra vöggustofa verði rannsökuð. Hann er langþekktastur og varla kallaður annað en Fjölnir tattú og er eins og margir fleiri kenndur við störf sín, fyrirtæki, hljómsveitir og jafnvel COVID-faraldurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Solla í Gló

Sólveig Eiríksdóttir verður trúlega alltaf kennd við Gló enda sló staðurinn hennar og matargerð í gegn hjá landanum. Hún seldi hlut sinn í Gló árið 2019 en starfaði um skeið áfram sem ráðgjafi hjá Gló og herti þannig enn betur á órjúfanlegri tengingunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Helgi í Góu

Helgi Vilhjálmsson hefur komið brosi á landsmenn síðan fyrsti Hraunbitinn var framleiddur árið 1973 og þótt hann hafi komið víða við og meðal annars blakað djúpsteiktum kjúklingavængjum og lamið á lífeyrissjóðunum þá verður hann alltaf þekktur sem Helgi með Góu-nafnbótina.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Svava í 17

Saga tískuveldisins 17 er orðin býsna löng og litskrúðug og Svava Johansen hefur rekið það með slíkum stæl að hún verður tæpast úr því sem komið er kennd við neitt annað en upphafið, sjálfa stofnunina sem verslunin 17 hefur verið í áratugi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Steini í Kók

Þrátt fyrir að hafa selt hlut sinn í Vífilfell árið 2010 er Þorstein M. Jónsson enn ekki kenndur við neitt annað en Kók. „Coke is it“ og Steini í Kók festist svo rækilega að það kemur bara ekkert annað í staðinn.

SUMARSTUÐ

ORMSSON

TEAC

TN-180 plötuspilarar

Verð m. afslætti kr.27.120,-

Bluetooth

Klipsch

HERITAGE GROOVE hátalari

Verð m. afslætti kr.20.720,-

BANG & OLUFSEN

hljómtæki

Beosound A1 2nd Gen

Verð 44.900 kr

LEVENHUK

sjónaukar & smásjár

NINTENDO SWITCH

KÍKTU Á ÚRVALIÐ

ORMSSON.IS

brabantia

rusla- & flokkunarfötur

SAMSUNG QLED Q95T 65"

Verð m. afslætti kr.349.900,-

NÝTT frá Samsung

SAMSUNG

Galaxy Book Pro fartölva

SANGEAN

WR-7 útvarp, til í 6 litum

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Lokað um helgar

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

Kröftugar raddir í karllægum tónlistariðnaði

Skapandi kraftur kvenna verður allsráðandi þegar tónlistarkonurnar Bríet, Cell7, Klara Elias, Ragga Gröndal og Siggy taka sviðið í Gamla bíói í kvöld ásamt Suncity, Sólborgu Guðbrandsdóttur, sem segir jafn öfluga kvennatónleika fáheyrða.

thorarinn@frettabladid.is

Suncity, Sólborg Guðbrandsdóttir, segir vel mega tala um tónleikana í kvöld sem valdeflandi þegar sex vonarstjörnur í íslensku tónlistarlífi taka nokkur lög og sköpunarkraftur kvenna verður allsráðandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Þetta kemur við kynjakvótann en það eru miklu fleiri heldur en ein og ein sem eru að sinna tónlist.

Soffía Kristín Jónsdóttir og Steinunn Camilla Sigurðardóttir hjá umboðsskrifstofunni Iceland Sync tefla fram sínum öflugustu tónlistarkonum í Gamla bíói í kvöld þar sem áherslan er öll á skapandi kraft kvenna.

Tónleikarnir bera yfirskriftina Sync Showcase Sessions og er meðal annars ætlað að gefa þeim sem eru lengra komnar tækifæri til þess að styðja við þær sem eru að stíga sín fyrstu skref.

Skærar vonarstjörnur

Bríet, Klara Elias, Ragnheiður Gröndal, Ragna Kjartansdóttir, sem kemur fram sem Cell7, Siggy, eða Sigurborg Sigurjónsdóttir og Sólborg Guðbrandsdóttir, sem flytur tónlist sína sem Suncity, eru margverðlaunaðar söngkonur, rapparar og lagahöfundar og þótt þær hafi verið mislengi í tónlistarbransanum eiga þær sameiginlegt að vera sannkallaðar vonarstjörnur í íslensku tónlistarlífi.

„Það er sjaldan sem svona stórir tónleikar eru haldnir með mörgum tónlistarmönnum sem eru bara konur. Þannig að það er bara gaman og heiður að fá að vera þarna með þessum reynsluboltum. Fyrir mig allaveganna sem er bara að stíga mín fyrstu skref sem sóló artisti," segir Suncity.

„.Við erum náttúrlega alls konar tónlistarkonur. Við erum með ólíka tónlistarstíla. Þannig að þetta er ekki bara fyrir einhverja sem fíla rapp eða popp eða hvað sem það er, Það verður alls konar í boði þarna og það er líka skemmtilegt."

Fara sínar eigin leiðir

Tónlistarkonurnar sex nálgast tónlistina á ólíkan hátt en hafa það allar að leiðarljósi að fara sínar eigin leiðir. Tónleikarnir eru aftur á móti til marks um sameiginlegan vilja þeirra til að „vekja athygli á hæfileikum og vinnusemi kvenna og minnihlutahópa í karllægum tónlistariðnaði," eins og það er orðað.

Á bak við Suncity stendur Sólborg Guðbrandsdóttir sem er þekkt fyrir vasklega framgöngu sína í baráttunni gegn kynferðisofbeldi og segir vel hugsanlegt að tala um tónleika kvöldsins sem valdeflandi.

„Það að við verðum þarna allar sýnir kannski að þetta sé alveg hægt. Mér finnst maður oft sjá það á tónleikum, án þess að maður þurfi að vera að gagnrýna það endilega, að þetta eru bara strákar og svo kannski ein kona. Ein stelpa fengin með líka til að syngja á tónleikunum. Þetta kemur við kynjakvótann en það eru miklu fleiri heldur en ein og ein sem eru að sinna tónlist og bara um að gera að vera með í því."

Bríet hlaut þrenn verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaunum í vor.

Ragga Gröndal hefur lengi verið í fremstu röð íslenskra tónlistarkvenna. MYND/AÐSEND

Siggy gaf út sitt fyrsta lag, Never Did I, sumarið 2019. MYND/AÐSEND

Frægir hljóðnemar

Iceland Sync heldur tónleikana í samstarfi við hljóðnemaframleiðandann Sennheiser sem hefur undanfarið komið að stuðningi við upprennandi tónlistarfólk um víða veröld.

„Þetta er eðalstöffið, skilst mér," segir Sólborg um hljóðnemana og bætir við að henni finnist ánægjulegt að Sennheiser vilji vinna svona með þeim. „Ég fór einmitt til þeirra um daginn að skoða og þar voru Jóhanna Guðrún, Björgvin Halldórs og helstu poppstjörnurnar og rokkstjörnurnar og allt þetta á veggjunum. Þannig að þau eru að vinna með flottu tónlistarfólki og ég er bara spennt að fá að vinna með þeim," segir Sólborg.

Whitney Houston og Norah Jones eru meðal þeirra sem hafa valið Sennheiser og þegar Björgvin Halldórsson fékk tvo forláta Sennheiser-hljóðnema leigða til landsins, fyrir tónleika sína haustið 2006, hafði hann meðal annars þetta að segja um þá í viðtali við Fréttablaðið:

„Þetta eru æðislega frægir og góðir míkrófónar og passa mér því vel." Þá þvertók hann fyrir að um eitthvert snobb væri að ræða. „Ég er bara að hugsa um hljómgæðin. Þetta eru Sennheiser hljóðnemar, þeir dýrustu og vönduðustu í heimi."

Lifandi í fyrsta skipti

Sólborg segist mjög spennt fyrir tónleikunum og þráin eftir því að komast á svið eftir langvarandi COVID-doðann hefur þar sitt að segja. „Ég er, persónulega, bara að fara að syngja mína eigin tónlist í fyrsta skipti „live" núna. Ég hef ekki gert það áður þannig að þetta er extra ljúft fyrir mig.

Ég held einmitt líka að fólk þyrsti í meiri tónlist og meiri list og það er bara ofboðslega gaman að við fáum að færa fólki þetta og ég vona að fólk komi," segir Suncity.

Sjálf segist hún finna þessa sterku þörf og sitji þannig um alla miðasöluvefi. „Bara til að sjá hvað er í boði til þess að geta mætt og gleymt öllu sem er búið að vera í gangi. Þannig að það er bara yndislegt. Við erum tilbúnar að tjútta," heldur Sólborg áfram og segir varla hjá því komist að nefna þær Soffíu og Steinunni Camillu sem eru með tónlistarkonurnar sex á skrá hjá Iceland Sync.

„Ég hef aldrei unnið með jafn góðu fólki í tónlistinni. Þær eru algjörir snillingar í því sem þær eru að gera, Soffía og Steinunn, og eiga bara hrós skilið fyrir að hafa komið þessu af stað."

Suncity er að vinna að EP-plötu sem er væntanleg á þessu ári og hún ætlar að flytja eitt laganna af henni á tónleikunum. „Síðan er ég bara fyrst og fremst að fókusa á að búa til meiri tónlist það er bara það skemmtilegasta sem ég geri."

Sync Showcase Sessions-tónleikarnir verða í Gamla bíói í kvöld og hefjast klukkan 19 en húsið opnar hálftíma fyrr. ■

BYRJAÐU DAGINN Á

ALVÖRU ÍTALSKRI UPPLIFUN

Segafredo er bragðmikið alvöru ítalskt kaffi. Hvort sem þú velur malað, espresso, baunir eða hylki getur þú treyst því að dagurinn hefst með ríkulegu bragði í hæsta gæðaflokki.

Segafredo ZANETTI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Arnars Tómasar Valgeirssonar

Brauð

Hafandi piprað síðan í sjöunda bekk er ég fyrst á fertugsaldrinum byrjaður að finna fyrir því að ég þrái að komast í samband. Það hefur ekkert að gera með viðvarandi skort á tilfinningalegri eða líkamlegri nánd. Mig langar bara að geta keypt mér brauð án þess að hafa áhyggjur af því hvernig ég ætla að borða það.

Hálfur poki af samlokubrauði í íslenskri matvöruverslun inniheldur um það bil 15 brauðsneiðar. Ég taldi. Brauðið er sjaldnast nýbakað og síðasti neysludagur stundum ekki nema þrjá daga fram í tímann. Að þremur daglegum máltíðum gefnum hefur maður oft ekki nema níu máltíðir til stefnu til að klára pakkann. Það borðar samt enginn brauð í kvöldmatinn nema endur sem fengu ekki memóið um berin og fræin. Máltíðirnar eru því stundum ekki nema sex.

Það er tæknilega séð gerlegt að fá sér eina samloku og hálfa sprotabrauðsneið í þessi mál ef ströngu brauðskipulagi er fylgt. Hlutirnir eru þó því miður sjaldnast svona einfaldir. Bröns með vinnufélögunum eða hádegisboð hjá mömmu getur riðlað allri dagskránni svo að eftir stendur stútfullur poki af brauði í dauðateygjunum og tárvotur draugur matarsóunar með ásakandi augnaráð.

Það þýðir ekkert að leita ráða hjá vinafólki í sambúð sem segir allajafna eitthvað á borð við „af hverju frystirðu ekki bara brauðið?“ eða „af hverju borða þau ekki bara kökur?“ Að deyja einn ætti að vera nægileg refsing fyrir að hafa ekki fundið ástina – einhleypt fólk ætti ekki líka að umbera frosið eða niðursoðið brauð. ■

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ